Gjörðabók

# Gjörðabók

Fyri Ungmannafelagsins Von í [illegible]
" — — " — " — — " – "

árið 1939.

# Fundargerð

Sunnudaginn 5/11 1939 hélt U.m.f. Von í Stöðfir fund í fundarhúsi sínu. Fundinum stýrði formaður félagsins Guðmundur Jónasson. Nefndi hann til fundarritara Guðmund Antonsson. Gjörðir fundarins voru þessar

I Formaður gat þess að lítið verkefni lægi fyrir þessum fundi, af því að þetta væri fyrsti fundur félagsins í vetur. Væri hann aðallega til að skipa í nefndir.

II Formaður skýrði frá því að hann hefði lauslega minnst á það við Þorlák á [illegible] að segja félagsmönnum til í söng, ef þeir vildu. Og hefði Þorlákur verið til með það. Fundarmönnum fannst ekki vera hægt að taka neina fasta afstöðu í þessu, af því að fundurinn væri svo fámennur og var formanni falið að leita hófanna hjá mönnum, hvort þeir vildu vera með.

III Kosið í nefndir. Í skemmtinefnd. Vilhjálmur Guðm., Vilhjálmur Hjálmarsson og Kristinn Jónasson. Í ritnefnd Steinn Jónsson. Vilhjálmur Guðmundsson og Sigurður Sigurðsson. Í verkefnanefnd Guðmundur Antonsson Pétur Guðmundsson og Kristinn Jónasson.

Fundarstjóri til næsta fundar Ingólfur Steinsson

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Fundarstjóri Guðmundur Jónasson
Fundarritari Guðmundur Antonsson

# Fundargerð.

Laugardaginn 19/12 1939. hélt Ungm. f. Von fund í fundarhúsi sínu. Fundarstjóri Ingólfur Sk. setti fundinn og stjórnaði honum, Nefndi hann til fundarritara Sigurð Sigurðsson. Sem það skal tekið fram að hér voru engin ritföng fyrir hendi hvorki blýjandur né blað. Varð ég því að geyma mér að skrásetja það sem gerðist þangað til heim kom. Svo búast má við að ég hafi gleymt fleira en einu, sem vert er til frásagnar í þessari fundargerð, þar sem fundurinn var langur og ræðuhöld mikil. Og ef eitthvað viðburðaríkt, sem gerðist verður hér óritað bið ég ykkur félaga að fyrirgefa, þar sem þið vitið ástæðuna til.
Gerðir fundarins voru þessar.

I Lesin upp fundargerð frá ~~síðasta~~ fundi fyrsta vetrarfundi af Guðmundi Antonssyni og samþykkt.

II Viljið þið ekki félagmenn gerast áskrifendur að einhverju blaði? Frummælandi að þessu var Pétur Guðmundsson. Tilnefndi hann Íþróttablaðið, hvað það mundi verða heppilegasta blaðið fyrir félagið til yfirlestrar og útskýrði eftir ýmsum greinum hinna í málinu. Var þessi framsögu efni vel tekið og töluðu þeir Vilhjálmur Guðmu[ndsson] Steinn Jónsson og Kristinn Jónasson. Stefndu hugsanir þeirra að sama marki, að láta félagið eignast þetta blað ef unnt væri, svo framarlega sem það væri gefið út í prenti nú sem stæði, sem hálfgerður vafi lék á. En fullvissu sína í því máli kváðust þeir geta fengið t. hjá íþróttamönnum í Ólafsfjarðarkaupstað, sem hjá Brynjólfi Sveinssyni eða Steina Hólm. Í lok umræðu var Kristni Jónas[syni] falið að koma frumvarpi þessu í framkvæmd ef möguleikar væru fyrir hendi.

III Gjaldkeri félagsins kvaðst hafa fengið í hendur



nýlega íþróttastyrkinn frá sambandinu, sem væri að upphæð 500 kr., sem álitsjóðanlegast væri að verja til umbóta á okkar ófullkomnu íþróttatækjum. Steinn Jónsson tók næst til máls og kom með þá tillögu að félagið keypti sér dýnu, því að helst væri hennar vant, en hana væri að líkindum helst að fá hjá Jóni dýnusmið á Siglufirði. Og kvaðst hann skyldi hitta hann að máli og vita hvort hann gæti ekki selt hálmstoppaða dýnu, því þær væru ódýrari heldur en úr ull, þó ekki eins góðar.
Einnig bauð hann félagsmönnum tilsögn í íþróttum eins og undanfarna vetur. Og hlaut hann þakklæti hjá öllum fundarmönnum fyrir þá góðfúslegu leiðbeiningu.

III Fyrirspurn kom frá Kristni Jónassyni, þess efnis, hvort félagið ætti að stofna til tólfbréfs að þessu sinni. Kvaðst hann sjálfur vera mjög hlyntur því að það gæti orðið þó örðugt væri þar, sem fjáreign þess væri sama og engin og ekkert tré væri til, sem sómað sér gæti fyrir augsýn áhorfanda. Urðu um þetta allmiklar umræður voru sumir með því en sumir móti.
Hin úrslitin urðu þau að fleiri hendur réttust upp því til samþykkis en á móti.
Og var ráðgerður undirbúningur að kaupa til þess sölgæti og að leggja drögur fyrir að fá lánað tré hjá félaginu nýdúfsfrá, sem það átti í smíðum.

V Steinn Jónsson gat þess, að gaman væri að félagsmenn héldu kaffikvöld á milli jóla og nýárs, eða á næsta fundi. Hver félagsmaður gæti boðið einum með sér. Var þessu vel tekið, en engin föst ákvörðun tekin, hvernig því skyldi tilhagað

VI Skipað í Nefndir. Í Ritnefnd hin sama Skemmtinefnd Vilhjálmur Guðmundsson Sig. Sigurð[sson]

og Stein Jónsson. Verkefnanefnd Guðmundur Antonsson Vilhjálmur Guðmundsson og Guðmundur Jónasson. Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Fundarstjóri Ingólfur Steinsson
Fundarritari Sigurður Sigurðs.

## Fundargerð

Sunnudaginn 1 janúar var fundur haldinn í félaginu Von að viðstöddum 8 félagsmönnum. Fundarstjóri Pétur Guðm.son setti fundinn og nefndi skrifara Stein Jónsson.
Gjörðir fundarins voru þessar.

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Sigurði Sigurðssyni og samþykkt óbreytt

II Blaðið Máni kom ekki út að þessu sinni vegna annríkis ritnefndar um hátíðina, en jafnframt lofaði hún að á næsta fundi skyldu félagsmenn fá að sjá Mána skína og það í allri sinni dýrð.

III Ekki var nema einn af þremur úr verkefnanefndinni mættur og var honum gefið orðið (Vilhjálmi Guðmundssyni) Hann bar þá spurningu fyrir fundinn hvort ekki myndi vera tök á því að halda skemmtun hér, í vor eða nokkurskonar vormót, sem gæti orðið tekjulind fyrir félagið. Hann sagði að svo framarlega sem ekkert væri aðhafst eða ekkert reynt til að lyfta félaginu úr því móki, sem það væri í nú myndi það innan skamms alveg sofna og nú væri fjárhagur þess svo þröngur að ekki væri hægt að gera nauðsynlegustu hluti og þaraf leiðandi yrðu félagsmenn að finna nýjar leiðir til viðreisnar starfi sínu. Þeir sem töluðu í málinu voru sammála að nauðsyn bæri til að afla félaginu tekna á



einhvern hátt, en þeim fannst aftur ekki vera hægt eins og horfði við nú að hafa vormót hér vegna aðstöðunnar, við værum innikróaðir og vantaði leikvöll til fimleika. Um þetta var rætt frá ýmsum hliðum og að síðustu var kosin nefnd til að athuga möguleika á því hvort nokkrar líkur væri til þess að hægt væri að hafa hér mót í vor. Kosningu hlutu Vilhjálmur Guðmss. Kristinn Jónasson. Ingólfur Steinsson

Þá var rætt um að skjótvirkilegt væri annað en félagið fengi sér leikfimisdýnu þar, sem báðir væri í ráði að kenna leikfimi í vetur og eins þar sem s.F.U.F. hefði styrkt félagið til áhaldakaupa eða þó sérstaklega til dýnukaupa á þessum vetri með 50,00 kr.

Var gjaldkera falið að útvega dýnuna það fyrsta. Einnig kom fram undir umræðum að þeir utan-félagsmenn sem yrðu í leikfimi greiddu lítið gjald til félagsins. (~~Þessu næst var kosið í nefndir~~) Og sama væri með skólakrakkana ef þau notuðu dýnuna þá yrðu þau að greiða 2-3 kr hvert til félagsins. Þessu næst var kosið í nefndir. Kosið í skemmtinefnd til næsta fundar sem verður að líkindum aðalfundur og hlutu þeir kosningu Guðm Jónasson. Guðm Sigurðsson og Ingólfur Steinsson. Fundarstjóri sagði svo fundi slitið og var því næst mikið sungið og klappað í skarðið o.s.frv.

Pétur Guðmundsson Fundarstjóri
Steinn Jónsson Fundarritari

## Fundargerð.

Laugardaginn 13/1 hélt U.f. Von í stjórn fund að Miðgarði. 9 félagsmenn voru mættir. Formaður félagsins stjórnaði fundinum og skipaði fundarritara Guðmund

Sigurðsson. Gjörðir fundarins voru þessar.
I Rætt um að hafa kaffikvöld í sambandi við aðalfundinn. Málið var töluvert rætt og allir því samþykkir, síðan var það ákveðið.
Aðalfundinn var ákveðið að hafa 28 þessa mánaðar.
II Formaður las upp ~~bréf~~ bréf sem borist hefði frá S. U. F. S. um ýmis áhugamál, sem sambandið óskaði að yrðu rædd innan félagsins. Meðal annars að fá skíðakennara til að leiðbeina á skíðum. Ef nóg þátttaka fengist yrði reynt að koma á námskeiðum á einum eða tveim stöðum í vetur. Óskaði sambandið að félagið sendi því tilkynningu um þátttökuna fyrir 20 janúar næstkomandi; þótti mönnum það helst til stuttur tími
III Kristinn Jónasson kvaðst ætla að láta fundinn skera úr því, hvort félagið ætti að borga fargjaldið fyrir Bjarna Pétursson á héraðsmót Skagfirðinga í vor, sem væri sjötti sagðist hann vera því fylgjandi þar sem hann hefði tekið þátt í íþróttunum fyrir hönd félagsins. Bar fundarstjóri það síðan undir atkvæði og var það samþykkt í einu hljóði.
Fleira ekki tekið til umræðu fundi slitið.
Guðmundur Jónasson Fundarstjóri.
Guðmundur Sigurðsson Fundarritari.

Fundargerð.

Föstudaginn 19/4 1940 var fundur haldinn í U.m.f. Vori í Stíflu að Miðgarði. Fundinum stjórði Vilhjálmur Guðmsso og tilnefndi hann fundarskrifara Guðmund Antonsson
Tólf félagsmenn voru mættir. Gjörðir fundarins voru þessar
I Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og samþykkt óbreytt.



II Lesið upp blaðið „Máni" af Vilhjálmi Guðmundssyni og Sigurði Sigurðssyni.
III Tekið fyrir mál. „Vilja félagsmenn ekki skjóta saman og kaupa eina rollu og gefa félaginu hana og fóðra hana svo til skiptis kostnaðarlaust og láta arðinn ganga til félagsins, til eigna eða tekna?"
Framsögumaður Pétur Guðmundsson. Hann sagðist vita til að þetta hefði verið gert í ungmennafélagi og blessast vel. Ræðumenn sögðust ekki geta svarað þessu í fljótu bragði. af því að þeir hefðu ekki velt um þetta hugsað og fannst þeim ekki gjörlegt að ráðast í þetta núna af því að rollur væru svo dýrar og gæti alltaf eitthvað komið fyrir eina rollu og gæti hún drepist og þá yrði arðurinn enginn og sögðust ræðumenn þá heldur hafa þær fleiri ef í það væri ráðist. Þá kom það líka fram að kaupa eina rollu og hafa hana í nokkurskonar happdrætti, sem félagið setti upp. Málinu var frestað um óákveðinn tíma.
III Skemmtiferð félagsins í sumar. Frummælandi Guðmundur Jónasson. Hann sagðist ætla að leggja þá spurningu fyrir fundinn, hvort félagið vildi fara skemmtiferð í sumar eða ekki og með hvaða fararskjótum það vildi ferðast, það yrði víst að hafa yrði að fá bíl og svo væri það líka svo dýrt. Miklar umræður urðu um málið og voru allir á eitt sáttir um að fara einhverja skemmtiferð og helst á hestum, kom það líka fram að tína grösin Fjallagrös í ferðinni félaginu til tekna að umræðum loknum var kosin þriggja manna nefnd til að undirbúa ferðina. Kosningu hlutu þessir Kristinn Jónasson Steinn Jónsson og Guðmundur Antonsson.
Einnig var kosið á bakið á miðunum hvert þeir vildu fara. Þessir staðir voru í kjöri
Almenningar Samkomuhúsið í Svarfaðardal Hólsdalur

Hvarfdalur, Flöskudalur og staður víst taldnur, sem ég vil ekki nefna, en flest atkvæði fékk Holtsdalur 4. atkv.

V Steinn Jónsson minntist á hvort ekki væri rétt að taka af nafnaskrá félagsins, sem væru fjarverandi og bersýnilegt væri að ekkert gætu gert fyrir það. Dálitlar umræður urðu um málið og vildu sumir félagsmenn að þeir yrðu spurðir, hvort þeir vildu láta afskrifa sig eða ekki, en enginn fast ákvörðun tekin í málinu.

VI Kosið í nefndir. Í ritnefnd Guðmundur Sigurðs. Vilhjálmur Hjálmarsson og Fanney Steinsdóttir. Í verkefnanefnd Ingólfur Steinsson Kristinn Jónasson og Sigríður Antonsdóttir. Fundarstjóri til næsta fundar Sigurður Sigurðsson. Fleira ekki fyrir tekið fundi

Fundarstjóri Vilhjálmur H. (slitið)

Fundarritari Guðmundur Antonsson.

## Fundargerð.

Langafjárdag var fundur að Miðgarði í félaginu Von. Um helmingur félagsmanna voru mættir. Fundarstjóri Vilhjálmur Hjálmarsson, setti fundinn og stjórnaði honum, nefndi hann til ritara Stein Jónsson. Gerðir fundarins voru þessar.

I Lesin aðalfundargerð frá síðasta fundi af ritara félagsins Sigurði Sigurðssyni var hún vel og skylmerkilega rituð, var hún samþykkt óbreytt.

II Blað félagsins Máni kom út og var lesið af Steini Jónssyni.

III Blaðið Máni málefni, sem Guðmundur Antonsson hafði framsögu í. Hann vildi að blaðið Máni kæmi fyrst og fremst út á hverjum fundi er félagið héldi og einnig kæmu í því helstu viðburðir sem gerðust í í hreppnum og jafnvel



úr útvarpi. Þessu voru allir sammála og eftir nokkrar umræður, var kosin 3 manna nefnd, sem hefir það hlutverk með höndum að sjá um að til komi í blaðinu daglegir viðburðir og fréttir. Kosningu hlutu Sigurður Sigurðsson form. Vilhjálmur Hjálmarsson og Steinn Jónsson. Tillaga kom frá frammælanda svo hljóðandi. „Fundurinn samþykkir að taka upp fasta grein í blaðið Mána er nefnist um daginn og veginn" og skal formaður sjá um útkomu hennar ásamt 2 mönnum er hann tilnefnir sér til aðstoðar og vísar til þess hér framar.

III Framtíðarstörf félagsins. Framsögu í málinu hafði formaður Guðmundur Jónasson. Hann benti á ýmsar leiðir til fjáröflunar, líka bað hann félagsmenn að vera við því búna og bregðast vel við að þurfa að vinna einhverja stund í þágu félagsins á komandi vori eða sumri.

Margir töluðu í málinu og fundu hversu mikil nauðsyn það væri að reyna afla félaginu tekna á einhvern hátt, því verkefni væru óþrjótandi og eitt þó nauðsynlegt, sem er að gera kjallara þann, sem félagið á vistlegri. Allir voru því sammála um að heyja á sumri komandi og jafnvel taka upp mó á næsta vori ef mögulegt þætti. Tillaga kom frá Steini Jónssyni svohljóðandi: Fundurinn ákveður að heyjað verði á næsta sumri og jafnvel tekinn upp mór og skal stjórn félagsins sjá um allar tilhögun þessu viðvíkjandi. Þegar hér var komið, var orðið mjög áliðið dags, dags var því talað um að fara slíta fundi. Í skemmtinefnd voru kosnir Guðmundur Antonsson Kristinn Jónasson og Bogi Hallgrímsson. Í verkefnanefnd til viðbótar var kosin Pétur Guðmundsson. Fundarstjóri til næsta

fundar Vilhjálmur Guðmundsson. Tveir nýjir meðlimir gengu í félagið; þeir Magnús Þorvaldsson Deplum og Valbjörn Jónasson Móafelli. Bauð formaður þá velkomna í félagið og tóku félagsmenn undir það með dynjandi lófaklappi. Þar næst var á eftir var leikfimi fyrir alla fundi slitið
Vilhjálmur Hjálmarsson fundarst.
Steinn Jónsson fundarritari

Fundargerð.

Sunnudaginn 2 júní 1940 var fundur haldinn í U.m.f. Vm. Fundarstjóri Sig. Sig. setti fundinn og nefndi til fundarritara Valberg H. 10 félagsmenn voru mættir. Gerðir fundarins voru
I lesin fundargerð síðasta fundar af Guðmundi Antonssyni og samþykkt óbreytt.
II Lesið upp blaðið Máni af Steini Jónssyni og voru þar margar góðar greinar.
III Mál frá verkefnanefnd. Kristinn Jónasson talaði um hvað væri mátulegur aldur fyrir ungt fólk að ganga í hjónaband. Hann sagði að hann hefði verið óviðbúinn að koma með málefni og því komið með það sem honum fr hefði dottið í hug. Hann vildi ekki láta ungt fólk ganga í hjónaband, sagði og færði rök fyrir því að fólk yrði smávaxnara, ef það gengi ungt í hjónaband og færu að eiga börn hann minntist líka á það að þetta væri gott fyrir ungafólkið, sem hér væri rótt og ákugað; þetta mikla vandamál lífsins.
Guðmundur Jónasson sagði að hann gæti verið síðasta ræðumanni sammála með það að afkvæmi ungra foreldra væri seinþroskara en afkvæmi hinna. Hann vildi láta fólkið ganga



ungt í hjónaband. Kristinn Jónasson sagði að ef ungt fólk gengi í hjónaband og færi að sökkva sér niður í heimilisumhyggju, þá kæmi eitthvað fyrir það. Steinn Jónasson var sammála Kristni og taldi að fólk ætti ~~tæp~~ ekki að gifta sig fyrir 20–23 ár og það fólk sem í hjónaband gengi ætti að vera heilbrigt og hraust. Það fólk sem ekki gifti sig væri oftast efnalega betri en hinir, en það væri öfugt við það sem ætti að vera. Kristinn sagði að kvenfólk ætti að ganga í hjónaband ekki fyr en 20 ára en karlmenn 24 ára. Guðmundur Antonsson sagði að fólkið ætti að gifta sig þegar það væri fullþroskað en áður en því færi að fara aftur og sagði að gifting væri forlög, sem hverjum væri skapað. Steinn sagði að fólk ætti ekki að gifta sig fyr en það gæti ráðið giftingu sinni sjálft. Kristinn mótmælti kröftulega forlagatrú Guðmundar og vildi fá sannanir. Guðmundur A sagðist telja það forlög þegar sumir brytu lög og þyrftu svo að sitja í fangelsi alla sína æfi og eins væri með hjónabandið.
Kristinn sagði að menn yrðu að bera ábyrgð á gjörðum sínum, af því að forlög væru ~~fr~~ ekki til og ýmsir glapir væru veikir, en forlög væru ekki til. Guðmundur sagði að glapir væru gerðir í bjálæði. Kristinn sagði að bjálæði væri veiki og það væri hægt að fá læknisvottorð um að menn gengju með slet-sýki: Steinn J. hallaðist að því að forlög væru til og færði dæmi til fyrir því frá sínu sjónarmiði. Að þessu loknu var málið tekið út af dagskrá eftir miklar og fjörugar um-ræður bæði um hjónaband og glæpi en ef til vill ~~ét~~ á það samleið?
IIII Málskrumál Guðmundur Jónasson skýrði frá

gerdum sýnum í þessu og sagði að hann hefði ekki getað fengið gróf, þar sem það hefði verið reynt. Hann bauðst til að reyna að útvega gróf niður í Fljótum ef félagsmenn vildu og fékk það góðar [illegible] undirtektir.

V Kosið í nefndir. Í skemmtinefnd. Vilhjálmur Guðm. Fanney Steinsdóttir og Vilhjálmur Hjálmarsson. til vara Guðný Hallgrímsdóttir. Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Fundarstjóri Sigurðar Sigurðsson
Fundarritari Valberg Hannesson.

Fundargerð.

Sunnudaginn 27 október 1940 var fyrsti fundur vetrarins haldinn í U. m. f. Von að Miðgarði. 14 félagsmenn voru mættir og af þeim voru 5 stúlkur og má það teljast óvanalegt á fundum félagsins. Formaður Guðmundur Jónasson setti fundinn og nefndi ritara Ingólf Steinsson.

Gjörðir fundarins voru þessar.

I Engin var fundargerð lesin frá síðasta fundi því hún var lesin upp á síðasta fundi í fyrra. Ekki kom heldur blaðið út.

II Formaður lagði fram ~~bijef~~ bréf frá sis Sís eða bréfaskóla hanns er kaupfélagsstjórinn í Haganesvík sendi Ungmannafélaginu og var það á þá leið að gefa yngri mönnum kost á að læra ýmislegt. s.s. fundarstjórn bungumál bókfærslu o.fl. Um þetta urðu litlar umræður og engin ákvörðun tekin.

III Talað var um að fá skíðakennara hér í vetur, en ekkert ákveðið.

IIII Formaður minntist á að þörf væri á að leika í vetur og leitaði álits fundarins um



það voru allir sammála að reyna það.

V Kosið í nefndir, kosin var ritari í stað Sigurðar Sigurðssonar sem nú dvelur í Reykholtsskóla og hlaut kosningu Guðm. Antonsson Skeiði.

Í skemmtinefnd voru kosnir.
Sigurvaldi Guðmundsson Nefstöðum
Pétur Guðmundsson s. st. auk
Vilhjálms Hjálmarssonar sem var kyr í nefndinni.

Í Ritnefnd
Ingólfur Steinsson
Sigurvaldi Guðmundsson
og Guðný Hallgrímsdóttir

Í verkefnanefnd. Valberg Jónasson Árný Jóhannsdóttir og Guðmundur Antonsson.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Ingólfur Steinsson fundarritari
Guðmundur Jónasson fundarstjóri

Fundargerð.

Sunnudaginn 17/11 1940. hélt U. m. f. Von í Stíflu fund að fundarhúsi sínu. Fundinum stjórnaði Pétur Guðmundsson og tilnefndi hann fundarskrifara Guðmund Antonsson.

Gerðir fundarins voru þessar.

I Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi af Ingólfi Steinssyni og samþykkt óbreytt. Blaðið Máni kom ekki út, vegna annríkis ritnefndar hafði hún ekki tíma til að fara inn í það

II „Tekið fyrir mál. Hvað finnst ykkur skemmtilegast." Framsögumaður Guðmundur Antonsson. Frummælandi sagðist ekki ætla að segja að svo stöddu hvað sér fyndist skemmtilegast, en sagðist vilja að allir segðu hvað þeim fyndist skemmtilegast og þyrfti þeir ekki að standa upp til þess. Nokkrir töluðu í málinu en gáfu ekkert ákveðið svar og að því búnu sagðist frummælandi ætla að segja hvað sér fyndist

skemmtilegast og svo yrði að fara fram nafnakall á eftir og yrðu þá allir að segja ákveðið um hvað þeim fyndist mest gaman og nú byrjar skemmtisagan.
Guðm. Antonsson. Að vera í selskap með skemmtilegu fólki.
Steinn Jónsson. Taka ofan af vél og kemba.
Ingólfur Steinsson. Að þvælast á skíðum.
Bogi Hallgrímsson. Á skautum og skíðum.
Sigurvaldi Guðmundsson. Söng og dans.
Ólöf Guðmundsdóttir. Að liggja í góðu rúmmi og lesa.
Sigríður Antonsdóttir. Að fara á skemmtanir ríðandi á góðum hesti.
Guðný Hallgrímsdóttir. Vera á reiðtúr á góðum hesti, með góðu fólki.
Arný Jóhannsdóttir. Að vera á skíðum, þegar hún hefði gott skíði.
Kristinn Jónasson. Að dansa og horfa á kvikmyndir.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Ekki gaman að neinu.
Guðmundur Jónasson. Að horfa á skemmtilegan sjónleik.
Pétur Guðmundsson. Gaman að öllu.
Magnús Þorvaldsson. Að vinna hjá Kristni (það var ágætt). Að þessu búnu bað Steinn um orðið, hann var vísi þeirra að kemba sín við kambana, þegar hinir voru á við og dreif að skemmta sér. Hann sagði að það væri e.f.t.v. ekki raunverulega sín besta skemmtun að vera með kambana, hann sagði að sér hefði lengi vel þótt mest gaman að gagnadeginum og það væri líklegast svo enn.
Þetta var dálítið rétt og var það sérstaklega hártogað, ekki gaman að neinu, Og ~~ekki~~
III gaman að öllu. Steinn Jónsson mynntist á að félagsmenn gerðu allt of lítið að því að tala



á fundum, þyrfti þó enginn að vera þar feiminn, því þar væri enginn öðrum betri og þau orð, sem þar væru töluð ættu ekki að fara út fyrir húsveggi og gerði því ekkert til, þó menn gætu ekki sagt nema já og nei í fyrstu. það kæmi lengra mál með tímanum. Einfremur mynntist hann á það gætu fleiri skrifað í blaðið en gerðu.
Kristinn Jónasson sagðist ekki vilja krefjast unglinganna mikið til að tala, hann sagðist muna eftir því þegar hann hefði verið á þeirra aldri, þá ~~hefði~~ hefði hann ekki getað komið nokkru orði í ræðuform, hvað feginn, sem hann hefði viljað.
Formaður mynntist á að nú þyrfti að hafa líf og fjör innan félagsins í vetur, því það væri nú fleiri meðlimir, heldur en nokkurntíma áður.
Formaður mynntist á jólatrésskemmtun í vetur fyrir börnin og sagðist hann vilja fyrir sitt leyti hafa hana, eins og að undanförnu, þó fjárhagur félagsins væri þröngur. Og þyrfta að hafa skemmtun fyrir jól til ágóða fyrir félagið, voru allir á eitt sáttir með að hafa fjölbreytt og auðvitað skemmtunina líka.
Ólöf Guðmundsdóttir gekk í félagið og bauð formaður hana velkomna í félagsskapinn.
V Skipað í nefndir.
Ritnefnd sú sama
Í verkefnanefnd Steinn Jónsson Arný Jóhannsdóttir og Magnús Þorvaldsson.
Fundarstjóri til næsta fundar Bogi Hallgrímss.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið

Fundarstjóri P. G.
Fundarritari G. H.

# Fundargerð.

Sunnudaginn 8/12 1940. hélt U.m.f. Von fund í fundarhúsi sínu.
Fundarstjóri var Bogi Hallgrímsson og nefndi hann til ritara Stein Jónsson. Steinn bað aftur Guðmund Sigurðsson að skrifa fundargjörðina og gerði hann það. Gerðist fundarins svona, sem hér segir

I Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykkt með örlitlum breytingum

II Lesið blaðið Máni með skemmtilegu og fjölbreyttu efnisvali.

II Formaður kvaðst hafa verið beðinn af sveitarstjórn að bera það upp á fundi, hvort félagið vildi leifa skólanum að ganga um kjallaradyrnar, auðvitað fyrir borgun eitthvað ætlaði hann að segja meira.
En í þessu braust út svo ókemju hlátur hjá félagsmönnum að ekkert heyrðist til frummælanda lengur og settist hann mitt í hláturkviðunni auðheyrilega óánægður, að geta ekki lokið ræðu sinni. Einhver sagði að heyrst hefði brestur frá háborðinu og hann ollið þessum ógnarhlátri.
Að því búnu bað Kristinn Jónasson um orðið. Var hann því mjög mótsnúinn að hreppurinn fengi aðgang um kjallaradyrnar fyrir skólabörnin. Sagði meðal annars, að félagið mundi blása jafnfljótt út, þótt fengi það nokkrar krónur fyrir. Steinn Jónsson tók næstur til máls sagðist hann ekki vera því mótfallinn að þetta yrði reynt, enda þótt hreppurinn ætti það ekki skilið vegna ýmiskonar stirfni og ókostar, sem hann hefði sýnt í viðskiftum við félagið.
Guðm. Antonsson talaði næstur, var hann sam-



mála síðasta ræðumanni um að yrði reynt að semja við hreppinn.
Guðmundur Jónasson tók aftur til máls, kvað hann gjaldið vera 1000 kr, sem hreppurinn byði og einnig ræsting, sagði hann að sér fyndist þetta gilda orðið báðum til góðs, talaði hann lengi og kom víða við. Steinn tók aftur til máls, var hann því fylgjandi, sem áður að félagið leifði inngang um kjallaradyrnar þrátt fyrir allt. Formaður samdi svohljóðandi tillögu. „Fundur haldinn í félaginu Von 8/12 1940 samþykkir að leifa inngang um kjallaradyr hússins í vetur gegn 1000 kr gjaldi og forsvaranlegri ræstingu, ennfremur allan kostnað sem af skemdum hlýtur." Var tillaga þessi borin upp, voru allir með henni nema Kristinn. Sagðist hann vera því algjörlega mótfallinn að hreppurinn væri kominn upp á nokkra leigu eða undanlátssemi. Guðmundur Antonsson vildi hækka gjaldið upp í 2000 kr. sagðist ekki skylja í að heilt hreppsfélag munaði mikið um það, þó það væri reyndar naumt í peningum.
Málið var síðan tekið út af dagskrá.

III Leikurinn frummælandi Steinn Jónsson.
Mynntist hann á leikinn sem nú væri farið að æfa, gat þess hvað hann væri erfiður og leikendurnir mættu leggja mikið á sig, óskaði hann að allir félagsmenn vildu taka höndum saman og styðja eindregið að því að hjálpa leikendunum við allan undirbúning og því um líkt. Einnig talaði hann um það að bagalegt væri ef skólabörnin gætu ekki notað sömu senurnar, þegar þau færu að leika, eins og þau hefðu víst ætlað sér.
Guðmundur Jónasson bað um orðið. Sagðist hann

hafa talað við kennarann um það að breyta um kennsluna vegna leiksins, svo börnin gætu notað sömu senuna, hefði hann tekið því mjög ólíklega og borið ýmsu við meðal annars því, að Hallgrímur í Minnaholti hefði farið niður fyrir allt, að fara að rasta húsið fyr en honum bæri og í sittann tíma. Kristinn Jónasson stóð upp. Hann sagðist hafa minnst á þetta við formann skólanefndar og hann hefði sagt að það heyrði að vera fyrir þvergirðingsskap kennarans sjálfs ef þetta gæti ekki gengið.
Ýmislegt kom fleira fram í málinu, sem ritarinn bæði missti af og nennti ekki að skrifa.
Samþykkt var að taka 1,50 kr. í inngangseyri að leiknum. Málið var síðan tekið út af dagskrá.

V Kosið í nefndir. Í skemmtinefnd
Magnús Þorvaldsson.
Árný Jóhannsdóttir og
Fanney Steinsdóttir
Í ritnefnd Guðmundur Sigurðsson þeir sitja kyrrir. Verkefnanefnd sú sama

VI Innheimt ársgjöld. Fundarstjóri til næsta fundar Valtýr Jónasson. Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið

Fundarst. Bogi Hallgrím
Fundarritari Guðm Sig.

## Fundargerð.

Á miðvikudaginn 8/1 1940. Var fundur haldinn í U.m.f. Von í Stíflu. Tólf félagsmenn mættu. Fundarstjóri Valtýr Jónasson vantaði



og var Ingólfur Steinsson settur fundarstjóri í hans stað. Skipaði hann Pétur Guðmundsson fyrir fundarritara. Þá var fundur settur.

I Guðmundur Sigurðsson las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með öllum atkvæðum

II Máni lesinn Ólöf Guðmundsdóttir las upp. Sagði hún á undan lestrinum að það væri mjög fátæklegt sem Máni hefði að bjóða að þessu sinni því um jólin virtist að fólkið hefði um eitthvað meira að hugsa en ritgerðir í Mána
Næst bað Steinn Jónsson um orðið. Þakkaði hann þeim sem í leiknum voru fyrir góða frammistöðu og einnig öllum félagsmönnum fyrir áhuga og dugnað í því erfiða starfi, sem þá var leystur af hendi. Einnig skýrði hann frá tekjum frá skemmtuninni og einnig kostnaði viðvíkjandi henni, sem auðvitað var töluverður.
Hann kom með uppástungu til leikfólksins, hvort það væri nokkuð á móti því að fara í Ólafsfjörð og leika þar. Það hefði komið beiðni frá Ólafsfirðingum eða jafnvel áskorun um að koma og leika þar leikinn. Almannarómur.
Sagði Steinn að hann vildi eindregið að þetta yrði reynt félagsins vegna, því það myndi efalaust vera stórgróði fyrir félagið, sérstaklega ef þeir gætu haft spilara með sér því ekki væri mikið um spilara þar. En auðvitað yrði það mjög erfitt fyrir leikfólkið.
Næstur tók til máls Guðm. Jónasson. Sagði hann að það hefði komið flatt upp á sig, þegar hann heyrði fyrst minnst á þessa beiðni frá Ólafsfirðingum, því þar hefði þessi leikur verið leikinn í fyrravetur. Ennfremur bað hann leikfólkið að hugsa sig vel um, hvort það hefði ástæðu til að fara þetta, eða treysti sér til

þess. Guðm. Antonsson tók næstur til máls. Hann sagði að það væri einn hængur á þessu að rafljósin væru slökkt kl. 12 nema samið væri um að fá þau framlengd, en þá bættist þar við aukakostnaður. Einnig tók hann það fram að hann væri fús að fara ef aðrir færu, hann var samþykkur Steini um að þetta gæti orðið hagsmunamál fyrir félagið. Þarmeð var þetta mál útrætt að svo miklu leyti, sem fundurinn gaf að gert.

Guðmundur Jónasson talaði um að nú væri aðalfundur að nálgast og lagði þá spurningu fyrir fundinn hvort hann ætti að vera einfaldur eða eitthvað frábrugðinn því vanalega, svo, sem kaffiboð eða eitthvað svipað og í fyrra?
Eftir nokkrar umræður var ákveðið að hafa skyldi kaffiboð eða, sem líkast og í fyrravetur. Steinn mynntist á að ein hefði fundist eitt ábótavant við leikskemmtunina: Það að veitingarnar hefðu ekki farið nógu vel fram. Í fyrsta lagi þóttu of fá og rjómakannan full stór, svo að gestir villtust á henni og héldu það vera mjólkurkönnu, þó mjólk hefði ekki verið auglýst til sölu.
Í öðru lagi, að vissast væri að hafa ákveðna stúlku við kaffihitunina þá væri öruggt að alltaf yrði nóg heitt kaffi til til. Var þetta mál tekið rætt sér staklega af stúlkunum og kom þá fram ýmsar hliðar á málinu.
Einn maður bættist í ritnefndina Steinn Jóns
Fleira ekki rætt fundi slitið
Fundarstjóri Ingólfur Steinsson. Fundarr. Pétur Guðm.



## Aðalfundargerð.

Laugardaginn 25/1 1941. hélt U.m.f. Von í Stiflu aðalfund sinn. 19 félagsmenn voru mættir og auk þess félagar Holtshrepp og margir aðrir boðsgestir innan Stíflunnar.
Formaður félagsins Guðmundur Jónasson setti fundinn og las upp dagskrá fundarins, sem voru 15 mál, en voru ekki tekin fyrir nema 11 af þeim og koma þau framm í fundargerðinni smásaman. Einnig gat hann þess að utanfélags menn hefðu málfrelsi, en ekki tillögu eða atkvæðisrétt. Fundargerð frá síðasta fundi var ekki mætt.

I Lesið blaðið Mímir af Steini Jónssyni og hafði það margar skemmtilegar greinar að geyma.
II Lesnir reikningar félagsins af gjaldkera Steini Jónssyni og samþykktir án breytinga
III Lesin nafnaskrá félagsins af formanni en og taldi það 32 meðlimi.
IV Lesin lög félagsins af formanni en engin lagabreyting gerð.
V Störf félagsins á liðna árinu framsögu hafði formaður. Sagði hann að það væri gömul venja að minnast á þau þó að félagsmönnum væri þau kunnug. Og mynntist á fundarhöld, sem hann taldi sæmileg, heyskap, sem hann lét illa af. leikæfingu, sem hann var lét vel af, meðlima fjölgun sem hann var hrifinn af og margt fleira.
Kristinn Jónasson sagðist vera vel ánægður með störf þess á liðna árinu og fannst honum stærsta sporið vera stundvísin, sem hefði verið mikklu betri nú en undanfarið

Steini Jónssyni fannst vera glæsilegt útlit fyrir félagið, hann sagði „að það hefði aldrei verið glæsilegra í 20 ár, sem hann væri búinn að starfa í félaginu.

VI Kosið í stjórn félagsins, en áður en gengið var til kosningar bað formaður að hver sá einhver ætlaði að ganga í félagið að gefa sig fram, því þeir hefðu kosningarrétt. Í félagið gekk Dagbjört Hallgrímsdóttir á Knarrarstöðum, og bauð formaður hana velkomna í félagið. Í stjórn voru þessir kosnir: Guðmundur Jónasson, formaður með 11 atkvæðum, Skarphéðinn Pétursson, gjaldkeri með 7 atkvæðum, Guðmundur Sigurðsson, ritari með 9 atkvæðum. Varamenn Kristinn Jónasson v. f.

Steinn Jónsson v. g.

Guðmundur Arnórsson v. r.

VII Kosnir endurskoðendur reikninganna, þeir Hartmann Guðmundsson og Ingólfur Steinsson.

VIII Kosið í skemmtinefnd, þeir Vilhjálmur Hjálmarsson með 9 atkv. Valtýr Jónasson með 9 atkv. Bogi Hallgrímsson með 8 atkv. til vara Ingólfur með 8 atkv.

IX Framtíðar starfsemi félagsins.

Formaður hafði framsögu og óskaði að allir yrðu duglegir, sem hann sagðist ekki efast um og sérstaklega yrði reynt að efla skundsemi innan félagsins.

Kristinn sagði að það væri erfitt að tala fyrir heilt ár, því það kæmi smásaman og yrði stjórnin að hafa forustu í þessu máli og kalla félagsmenn sér til hjálpar ef þyrfti. Steinn sagðist hefta álitið að þetta yrði mikið fjörugra en það ætlaði að verða og mæltist til að gestirnir tækju til máls.



Hannes á Melbreið bað um orðið. Hann kom víða við, ræddi fyrst um blaðið greinar þess nú og í fyrra, hann var sérstaklega hrifinn af síðustu greininni núna og skímuveislunni í fyrra. Einnig talaði hann um andadrátt, menningu, æskulýð og að endingu þakkaði hann fyrir boðið og skemmtunina. Næstur talaði Steingrímur Þorsteinsson, þakkaði fyrir boðið og skemmtunina.

Fannst honum illa farið að félögum hefði hætt að bjóða hvert öðru til sín og skapaði það á hreppum bæði hjá félögunum og bændum. Minntist hann á bindindismál, íþróttamál og aukna samvinnu, burtför sveitunga og m. fl. Kristinn Jónasson sagði að það hefði glatt sig að utanfélagsmenn hefðu tekið til máls og ræddi hann um samvinnu milli félaganna í bindindismál, sem hann vildi helst að væri frjálst, hann mótmælti því að það væri í verkahring félagsins, að banna andadrátt, það væru landráðendur og forráðamenn sveitarinnar að sjá um það. Hannes sagðist ekki hafa meint það að félagið ætti að klaga Pétur eða Pál, heldur ætti að reyna að koma því inn hjarta æskunnar að fremja ekki slík ódáðaverk, en hann sagði að það mætti drepa hrafninn.

Guðmundur Jónasson talaði næstur, minntist hann á samstarf félaganna og fannst slæmt, hvað það væri komið út um þúfur en í því kom Valtýr á Mógili og gekk upp að sætum ræðumanns og sagði. „Er pláss fyrir hesta á Melbreið.“ og svaraði ræðumaður, „Ekkert pláss á Melbreið, en nóg pláss á Nesstöðum.“ Að því búnu kom hann að efninu aftur og ræddi um samstarf milli félaganna, en þó sérstaklega

á knattspyrnuna, sem háð var í sumar.
Steinn sagðist alltaf hafa gaman af að ræða
samtökin á milli félaganna, þó örðugt
væri að koma því í gott lag.
Einnig minntist hann á knattspyrnuna
eða kappleikinn í sumar og var hann
frekar á móti honum og taldi hann
mjög hættulegan, sérstaklega fyrir vondan
útbúnað og væri mjög bagalegt ef
fötluðust menn á þeim tíma.

X Kosið í nefndir.
Í ritnefnd Magnús Þorvaldsson í stað
Guðnýjar Hallgrímsdóttir.
Í veitinganefnd Guðmundur Antonsson
og Fanney Steinsdóttir.
Fundarstjóri til næsta fundar Valtýr Sig.
Fundi slitið.
Eftir var drukkið og dansað.

Fundarstjóri Guðmundur Jónasson
Fundarskrifari Guðmundur Antonsson.

# Fundargerð.

Sunnudaginn 23/3 1941 var fundur settur
og haldinn í U.m.f. Von að Vitgarði
11 félagsmenn voru mættir er fundur byrjaði
en síðar bættust 2 við. Fundarstjóri Valtýr
setti fundinn ritjandi og bölvandi og sagði
svo „gjörið svo vel." Ritara nefndi hann
Stein Jónsson. Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin aðalfundargjörð af þáverandi ritara
félagsins og samþykkt óbreytt, en frá
Kristni Jónassyni kom fyrirspurn um hvort
sú stjórnarkosningaraðferð hefði verið gerð



ógildur fyrir að hefði staðið á honum sama
stjórn. Formaður lýsti sinni afstöðu og sagðist
hefði talið miðann ógildan, fleiri lýstu sinni
skoðun og lyktu eins á málið og var það þar
með útrætt.
II Fundargjörð frá fundi 8/1 var einnig lesin af
Pétri Guðmundssyni og samþykkt óbreytt.
III Afturför í íþróttum framsögumaður Guðm. Antonsson.
sagðist eiga aðallega við félagið
Von og taldi það mjög slæmt frá því, sem
áður hefði verið og hann hvatti alla yngri
menn í félaginu að æfa sig duglega við
skíðaferðir og einnig leikfimi. Margir töluðu í
málinu og voru á sama máli, um afturför í
íþróttum og slíkt mætti ekki koma fyrir,
bauðst Steinn á fleiring til að kenna það sem
hann kynni ef áhugi væri hjá þeim yngri
til þess að læra eitthvað. Í þeirri von að
áhugi ykist, var málið tekið út af dagskrá.
IV Er ekki kyrrstaða og athafnaleysi skaðlegt fyrir félagið
Framsögum. Fanney Steinsdóttir.
Fyrstur talaði Kristinn Jónasson og talaði um kyrr
stöðu bæði innan félaga og eins fyrir mörgum
einstökum. Margir töluðu í þessu máli og fannst
það drep í hverjum félagsskap þar sem kyrr
staða ríkti. Málið tekið af dagskrá.
V Sambandsmál Framsögum. Guðmundur Jónasson
Hann talaði um að þyrfti að kjósa fulltrúa
á sambandsfund U.m.f.S og líka væru mál
~~og líka~~ sem þyrfti að ræða áður en sá fundur
yrði haldinn, líka benti hann á að æskilegt
væri að sambandsfundurinn yrði haldinn nær
okkur en á Sauðárkrók. Kosnir voru 2 fulltrúar.
en þar fyrir höfum við rétt til að hafa
3 fulltrúa. Kosningu hlutu Kristinn Jónasson

með 9 atkv. og Guðm. Jónasson með 6 atkv.
Málið útrætt.

VI Vormót. Framsögum. Steinn Jónasson framsögumaður taldi heppilegt ef hægt væri að komast í félag við U.m.f. Holtshrepps á næsta vori með sameiginlegt vormót á Ketilási á næsta vori. Nokkrir töluðu í málinu og lýstu sig fylgjandi frummælanda um sameiginlegt mót á næsta vori. Kosin var nefnd í málið aðallega til að ræða við U.m.f. Holtshrepps um væntanlega skemmtun og fyrirkomulag og hlaut kosningu stjórn félagsins og varamaður Guðmundur Antonsson Skeiði.

VII Kosið í nefndir
Verkefnanefnd Guðmundur Sigurðsson Vilhjálmur Hjálm. Ritnefnd sama áfram
Fundarstjóri til næsta fundar Pétur Guðmun[illegible]
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið
Valtýr Jónasson fundarstjóri
Steinn Jónsson fundarritari

## Fundargerð

Sunnudaginn 16/11 1941 var fundur haldinn í U.m.f. Von. 14 félagsmenn voru mættir. Formaður félagsins Kristinn Jónasson setti fundinn og tilnefndi fundarritara Valberg Hann[es]. Þar eð þetta var fyrsti fundur á þessum vetri, kom Máni ekki út og ekki var neins verkefnanefnd til.
Gerðir fundarins voru, sem hér segir.

1. Vetrarstarfsemin. Framsögumaður Kristinn Jónasson. Skírði hann fyrst frá því að allmiklar



breytingar hefðu orðið í stjórn félagsins því formaður væri og yrði fjarverandi framvegis, en hann, sem varamaður hefði fellið sæti hans í stjórninni.
Í öðru lagi það að féhirðir þess væri genginn úr félaginu, en Steinn Jónsson tekinn við. Þá talaði hann um starfsemi félagsins á komandi vetri og fór mörgum hvatningarorðum um það. Hann sagði að það væri erfiðleikum bundið að hafa skemmtanir vegna óvissu um allt spil, og það yrði að sjá um það í tíma, að sýna sjónleik væri ekki heldur þægilegt, en ef menn vildu leggja í það þá myndi hann vinna að því eftir getu. Næstur talaði Steinn og byrjaði með því að lýsa vantrausti á skemmtinefndina. Þá talaði hann og um peningamál og spurði hvað gera ætti við þá þar eð félagið ætti og kom fundarmönnum saman um að leggja meiri hluta þess á vöxtu, en hafa eitthvað af því við hendina ef með þyrfti.
Af fyrravetur sagði hann að talað hefði verið um að æfa leikfimi og sýna svo niður á Ketilási, en æfa leik legðist honum illa á. Þá þyrfti og að finna eitthvað upp sem gert gæti fundina skemmtilega.
Guðmundur Jóhannsson talaði um málleysi á sumum fundarmönnum og komst að þeirri niðurstöðu, að þá vantaði kjark. Hann sagði að sig minnti að í lögum félagsins væri svo ákveðið að skriflegt fundarboð ætti að ganga á milli félagsmanna fyrir hvern fund og ef það væri myndi mörgum veitast léttara að tala ef

þeir hefðu kynnt sér efnið fyrirfram.
Guðmundur Antonsson gerði þá fyrirspurn hvort til væri gjörðabók og hvar hún væri þá ritari svaraði því að hún væri engin til en hann hefði tekið á móti fundargjörð. frá hálfu fjórða ári.
Ráðsmenn minntust á í flestum ræðum sínum á skemmtinefndina og óskuðu að hún afþakkaði að vakna, fengi sér nýtt um hálsinn og. s.v. fr. v.
Þá var og sagt frá því að hey það er félagið hefði átt væri nú selt og væri Kristinn Jónasson kaupandi þess.
Talað var um Jólatrésskemmtun en því vísað til næsta fundar án athugunar.
Eftir langar og merkilegar umræður var málið tekið út af dagskrá.
II Skipað í nefndir. Ritnefnd Guðmundur Sigurðsson Guðmundur Jóhannsson og Valberg Hannesson.
Verkefnanefnd Guðmundur Antonsson
Magnús Þorvaldsson.
Steinn Jónsson
Fundarstjóri til næsta fundar Ingólfur Steins
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið
Kristinn Jónasson fundarst.
Valberg Hannesson fundarr.



Fundargerð.

Sunnudaginn 6/12 1941. Hélt U. m. f. Von í Stíflu fund að fundarstað sínum. Fundinum stýrði Ingólfur Stein og tilnefndi fundarskrifara Guðmund Antonsson. 17 félagsmenn voru mættir og var óvanalega mikill fjöldi. Gerðir fundarins voru þessar.
I Lesin fundargerð síðasta fundar af Valbergi Hannessyni og samþykkt óbreytt.
II Lesið blaðið Hani af Guðmundi Sigurðssyni og hafði það margar góðar greinar að geyma.
III Formaður félagsins Kristinn Jónasson minntist á hvort ætti að taka upp fundarboðs sendinguna á undan fundum félagsins, eins og kom fram frá Guðmundi Jóhannssyni á síðasta fundi og fram kom í fundargerðinni, en engin ákvörðun tekin í málinu. Allmiklar umræður urðu um málið og voru ekki allir með því, að láta skriflegt fundarboð ganga á milli bæja, því það gæti komið fyrir augu fleirum en félagsmönnum, en utan-félagsfólki varðaði ekkert um hvað gerðist á fundum. Og af því bundið Kristinn til að koma málum málum til eyrna félagsmanna á meðan hann væri formaður ef verkefnanefnd kæmi málum til sín, minnst viku fyrir fund og gæti þá félagsmenn hugsað málin og þar af leiðandi frekar rætt þau og virtust allir hallast að því boði. Kom fram tillaga frá Guðmundi Antonssyni svo hljóðandi Fundurinn samþykkir að verkefnanefnd komi málum sínum til formanns minnst 6 dögum fyrir fund og þar með var tillagan borin upp og samþykkt og var málið þar með útrætt.
IV Málefni: „Hvað getum við gert til þess að vera þjóðnýt og nágrannaholl.“? Framsögumaður Guðmundur Antonsson. Hann taldi það mjög ánægt

með fólk hvað það væri þjóðnýtt. Taldi hann það
aðalskyldu til að vera þjóðnýtur, að breyta, sem
allra mest eftir landslögunum.
En aðal skylduna til að vera nágranna hollur
væri að vera hreinskilinn og hjálplegur.
Dálítið var um málið rætt, en þótti þó frekar
einhliða og var rætt um glæpamenn, sem væru
ekki þjóðnýtir og aðra eins og t. a. m. ~~föður~~
föðurlandssvikara.
V. Kristinn Jónasson minntist á fyrirhugaða jóla-
-~~trés~~skemmtun og sagðist hann hafa lagt drögur
fyrir ráðamenn, og beðið um skemmtunarleyfi
til veitinga og jafnframt gat hann þess að
hann hefði beðið um jólatréð niðurfrá.
Guðmundur Jóhannsson lét illa yfir því að
fá spil á ballið, var hann búinn að reyna
við spilarana og ekkert ákveðið svar fengið.
Steinn Jónsson sagði að það yrði erfitt að hafa
skemmtun, ef engin Músikkin fengist því
það væri orðið svo kröfuhart með það og
ekki væri hægt að nota Hásgreiður eins og í
fyrridaga. Miklar umræður urðu um málið
og mikill spenningur í fundarmönnum að komast
í skemmtun strax um jólin, það væri komið ár
síðan félagið hefði haft (átt) skemmtun framfrá
og var orðum bent til skemmtinefndar, sem
væri búinn að dytja síðan í fyrra á aðalfundi.
Einnig kom fram að farið væri að efla leik í
U. m. f. Holtshrepps og byggist það við að það
yrði að eyða hann fyrir U. m. f. „Von." af því
það skaldaði leikeyðingu síðan í fyrra.
En fundarmenn byggðust við að það yrði erfitt
að fá efni, til að setja upp sem, þó það
vildi eyða framfrá, og var engin föst ákvörðun
tekin í málinu.



VI Ákveðið var að hafa jólatré og stjórnin hefði fram-
-kvæmdir í því eins og að undanförnu.
VII Steinn Jónsson spurði félaga eftir hvort þeir vildu
ekki stunda leikfimi að öðruhvoru í vetur, og
voru góðar undirtektir hjá mörgum, en sumir
sögðust hafa svo mikið að gera, en aðrir sögðust
ekkert geta í leikfimi, því þeir hefðu sig ekki
einu sinni yfir stundaþinga.
Pétur Guðmundsson sagðist vilja láta setja upp
nýja Dýnu úr ull, ef að félagar ættu ull til
að láta og voru góðar undirtektir og margir
ættu ull: Steinn í Hring sagðist vita til að
Guðmundur á Skeiði hefði átt 21 reyfi í
tveim reyfum í haust og skyldi hann að geta
látið eitt reyfi og stakk hann upp á þremur
til að setja upp Dýnuna. Steinn Magnúsi Þorvalds
Pétri Guðmundssyni og Ólöfu Guðmundsdóttur.
Og í því sambandi minntist Villhjálmur Guðmo
á að hann vildi láta fá rimla til æfingar
og áflaunar. Voru góðar undirtektir með það
en fundurinn var orðinn langur og fólk orðið
óþolegt að sitja og var málið lítið rætt.
Því leikfimisæfingarnar byrja í blóðunum.
Íþróttirnar í fólkinu, Og danslistin í fótunum
VIII Skipað í nefndir. Í veitinganefnd Villhjálmur
Magnús Þorvaldsson. Steinn Jónsson. Í rimlanefnd Ólöf
Guðmundsdóttir. Fundarstjóri til næsta fundar
Valberg Hannesson. Fleira ekki til umræðu
fundi slitið.

Fundarstjóri Ingólfur Steinn
Fundarritari Guðm. Ásbjörns

—— // ——

## Fundargerð.

Sunnud. 4 jan 1942 var fundur haldinn í félaginu
„Von" 9 félagar voru mættir auk 2 gegja nýrra félaga

er gengu í félagið. Fundarstjóri Valberg Hannesson setti fundinn og tilnefndi ritara Stein Jónsson.
Gerðir fundarins voru þessar.

I Fundargerð síðasta fundar var ekki til staðar að þessu sinni.

II Ein blaðið Máni kom út og var lesið af ritstjóranum Guðm. Jóhannessyni og var það fjölskrúðugt af góðum greinum og fleira

III Lífsgleði. framsm. Steinn Jónsson. Að framsögu lokinni tók fyrstur til máls Kristinn Jónsson hann taldi lífsgleði mikla gjöf og áleit hana ómissandi hverjum manni, en því miður gætu ekki allir verið þess aðnjótandi.
Guðm. Jóhannsson tók næstur til máls og taldi lífsgleði nauðsynlega hverjum manni en ekki gæti öllum auðnast það hnoss að vera lífsglaður
Vilh. Guðmundsson talaði næstur og tók dæmi af tveim manneskjum. Önnur var lífsglöð en hin nöldrunarsöm og taldi þær ólíkar í hugsunarhætti. Valberg Hannesson áleit lífsgleði enga Guðsgjöf. sagði hann að menn leiddu oft gleðinnar út fyrir heimilin t. d. á samkomur og væntu sér hana með drykkjuskap og fl.
Guðmundur Sigurðsson áleit upplaldið skapa manninn að mestu eða þó fyrstu árin því sálarfræðingar staðhæfðu það að þangað til barnið væri 7 ára væri það aðalundirstaðan fyrir lífsstarf mannsins.
Frummælandi áleit það ekki sanna lífsgleði ef hún væri ekki að einhverju leiti meðfædd og eins ekki ef þyrfti að sækja hana á knæpur eða því um líkt. Var næst var rætt þrefalt húrra fyrir lífsgleðinni og málið tekið út af dagskrá.

IIII Næsti aðalfundur. Framm. Kristinn Jónsson.



Hann talaði um hvernig félagsmenn hefðu hugsað sér næsta aðalfund U.m.f. Vor. hvert hann ætti að verða, eitthvað frábrugðinn öðrum fundum eða ekki. Dálitlar umræður urðu um málið og fannst öllum sjálfsagt að hafa ekki aðalfund fyrr en hægt væri að hafa hann líkan því sem áður hefði verið. Margir töluðu í málinu.

V Kosið í nefndir. Skemmtinefnd.
Vilhjálmur Guðmundsson. 8 atkvæði
Sigurvaldi Guðmundsson. 8 —
og Pétur Guðmundsson. 7 —
Búast má við miklu samstarfi og miklum verklegum framkvæmdum í nefndinni á komandi framtíð, þar, sem nefndin er í einum stað og ekki skyldleikinn til fyrirstöðu. Málefnanefnd Bjarni Pétursson
Ritnefnd Steinn Jónsson.
Var næst bauð formaður, þessa nýju félaga velkomna í félagið. Voru Pálína Hannesdóttir og Vítar Þorláksson.
Fundarstjóri til næsta fundar var kosin Vilhjálmur Guðmundsson
Fundi þar næst slitið
Valberg Hannesson fundarst.
Steinn Jónsson fundarritari

## Fundargerð

Sunnudaginn 25/1. 1942 var fundur haldinn í U.m.f. „V" í Klifla að heimili þess „Miðgarði" 19 félagsmenn voru mættir ásamt þeim Guðm. Péturssyni og Vilhjálmi Pálmasyni er gekk í félagið, Bauð formaður hann velkominn í félagsskapinn og sagðist vonast eftir að hann sæi ekki eftir að ganga í félagið. Fundinn setti og stjórnaði Vilhjálmur Guðmundsson og nefndi hann til ritara Guðmund Jóhannsson

Eftirfarandi atriði voru tekin fyrir á fundinum.

1 Lesin fundargerð af Gutmundi Antonssyni frá fundi er haldinn var 8–12. 1941. en kom ekki til upplestrar á þeim ~~tíma~~ fundi er honum bar að gera sökum fjarveru fundarritara. Fundargerðin var samþykkt án breytinga.

2 Hvernig á hin upprennandi æska að vera? Framsögumaður Vilhjálmur Guðmundsson. Hóf hann sitt mál með því að hvetja fundarmenn til fjörugra umræða í málinu og bað þá að ræða málið á allvíðum grundvelli. Kvaðst hann vilja hafa hina ungu kynslóð hrekklausa lífsglaða og í alla staði íþróttamannslega. Næstur talaði í málinu Kristinn Jónasson. Sem lét sitt álit í ljósi á þá leið að hinir ungu menn ættu að vera hjálpsamir við nágranna, reglusamir, og geti borið meiri bara þeirra kosta er prýddi einn mann. Guðm. Antons. talaði næstur í málinu. Sagðist hann litlu hafa við að bæta, sem komið væri. Taldi æskuna ekki mega sleppa sér út í neitt það, sem henni gæti verið til óhollustu. Þá talaði Steinn Jónsson. Óskaði hann þess að hann væri orðinn ungur og gæti tekið þátt í æskustarfsemi. Minntist hann á að uppeldið hefði mikil áhrif á ungdóminn. s.s. ef óregla þjófnaður og lygi væri fyrir honum hafð, þá væri það ekki ósennilegt, að unglingarnir tækju það eftir þeim eldri, en það væri miður vel farið, því það væri það versta er manninum gæti hent. Vilhjálmur Guðmundsson kvaðst vilja bæta einu við, en það væri orðheldni sagðist hann hafa rekið sig oft á reykvískum hátt í orðum hjá mönnum og sérstaklega hjá Norðlendingum. Guðmundi Antonssyni



fannst miður fallegur vitnisburður er síðasti ræðumaður gæfi Norðlendingum.
Bjarna Péturssyni fannst það aðalkostur ungdómsins að vera reglusamur og stundvís. Tók hann einnig í sama streng og síðasti ræðumaður, með að vitnisburður væri ekki glæsilegur er framsögum. gæfi Norðlendingum. Gaf hann þá yfirlýsingu að hann hefði kynnst nokkrum Sunnlendingum og hefðu þeir ekkert reynst neina betur heldur enn Norðlendingar hvað orðheldni snerti. Þá bað hann að lokum framsögumann málsins að koma með eitthvert dæmi ef Fljótamenn hefðu kynnt sig þannig við hann. Vilhjálmur Guðmundss. kvað heildina af Fljótamönnum hafa komið mjög kurteisislega fram við sig, en það væri þó ekki þar fyrir, að með dæmi mætti koma uppá óorðheldni, sem skyldi þó sleppt hér á fundinum. Steinn Jónsson bað fundarmenn að fara ekki að fara út í neinar brygslingar, hvorki á viðkomandi persónur eða láta þau orð falla um nágranna, er gæti haft slæm áhrif út frá, síðan sló máli sínu uppí gamansemi og kvaðst telja ekkert hér í Fljótum mest til lasts hve fólk giftist lítið. Sökum hve áliðið var orðið að kveldi og fleiri mál biðu fundarins tók frummælandi málið út af dagskrá og þakkaði fyrir góðar og fjörugar umræður í því.
Þessir töluðu í málinu. Vilhjálmur Guðmunds. 5.s Kristinn Jónasson 4.s Steinn Jónsson 3.s Guðm. Antonsson 2.s Bjarni Pétursson 1. Samtals urðu 15 umræður í málinu.

4 Hverja eiginleika þarf maðurinn að hafa til að vera góður ræðumaður. Framsögumaður Bjarni Pétursson. Taldi hann það fyrsta og aðalskilyrðið að maðurinn þyrfti að vera gáfaður, annað

orðkeppnim og einurðagóður. ásamt mörgu öðru er hann taldi upp. Steinn Jónsson talaði næstur og sagði að hvert málefni kæmi öðru þyngra og sér væri algjörlega um megn að ræða. En hvað sé þó ekki geta verið frummælanda algerlega sammála. Vildi hann halda að einurðinn væri það fyrsta. sem maðurinn þyrfti að bera, til að geta verið góður ræðumaður og hvað sé geta tekið dæmi með gáfumenn, sem talið hafi verið. en ekki getað komið upp orði á opinberum fundum.
Guðm. Jóhannsson hallaði sér að skoðun frummælanda með að gáfurnar væru það fyrsta sem hver einstaklingur þyrfti að hafa til að bera til þess að verða góður ræðumaður, vildi hann álíta að ekkert væri svo að heiðarlegar undantekningar væru ekki til og átti þar við hina fyrrnefndu gáfumenn hjá síðasta ræðumanni.
Vilhjálmur Guðmundsson stóð upp og andmælti síðasta ræðumanni og sagði að einurðinn væri það fyrsta, sem og kæmi til greina og kom með sönnfærandi dæmi upp á það. Hann sagði að það væri merkilegt með marga gáfumenn að þeim gengi mikið betur að koma hugsunum sínum fram í riti en ræðu og sagðist hann telja það fyrir einurðarskort. Hinn fyrrnefndi ritari félagsmaður Guðm. Pétursson bað um orðið og var það leift án mótmæla. Hvaðst hann ætla að skíra okkur frá sínu áliti í málinu með dæmisögu, heimanað úr sinni sveit, með manni nokkrum er hefði verið í félagi, sem hét Verkmannafélag. Hefði hann verið einn þeirra manna, sem hefði verið talinn lítt gáfaður maður, en á fundum þessa félags hefði hann talað ógrinni öll og margt grunnhygginsað hjá honum, enda hefði hann verið mikið



kritiseraður fyrir sínar ræður, en fyrir nógu mikinn en bittann og ákafann vilja gafst hann ekki upp með sínar ræður og komst að því takmarki er að var stefnt, að verða góður ræðumaður Og með sínum frábæra dugnaði hefði hann brotist í gegnum skóla og væri nú lögregluþjónn. í Reykjavík. Málið var síðan all mikið rætt fram og til baka með allskyns skoðunum
Að lokum kom málshefjandi inn á fundina hjá U. m. f. „Von“ að þeir væru ekki nógu lífandi sökum hve menn væru sammála í skoðunum sínum.
Það ætti ekki að þurfa að orða það lengi þó menn yrðu sundurorða, á slíkum fundum, sem ætlaðir væru til að æfa ungdóminn að koma hugsunum sínum fram í ræðum. Málið var síðan ekki meira rætt og tekið út af dagskrá

4 Þessir töluðu í málinu Bjarni Pétursson 4 sinnum Steinn Jónsson 3 s. Guðm. Jóhannsson 1. s. Vilhjálmur Guðmundss. 2. s Guðm. Péturss. 1. s. Kristinn Jónass. 2 s. Guðm Antonss 2 s.
Alls urðu 15 uppræður í málinu

5 Þá kom Kristinn Jónasson að því að ræða þyrfti aðalfundinum, sem fyrst væri unt. Vildi hann hafa fundinn eftir hálfan mánuð þó eigi bæri það upp á fundardag. Var síðan borin upp svohljóðandi tillaga frá Kristni Jónassyni. Fundurinn samþykkir að aðalfundurinn skuli verða haldinn eftir hálfan mánuð að öllu forfallalausu.
Var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Steinn Jónsson bað skemmtinefnd þá, er áður hafði verið kosin til undirbúnings aðalfundar, að gera allt það, sem í hennar valdi stæði við undirbúning fundarins svo hann gæti farið á hinn skemmtilegasta hátt fram, og yrði félaginu til sóma og gestunum til ánægju.

6. Þá minntist Steinþór Jónsson á hina fyrirhuguðu dýnugerð, sem byrjaði að komast upp til notkunar við þær íþróttir, er félagið hefði með höndum. Hvaðst hann vera búinn að kaupa efnið í hana og koma því heim til sín.

7. Að endingu bar Steinn Jónsson það undir félagsmenn, hvort þeir væru ekki sammála að strika þá félagsmenn út af meðlimaskrá félagsins, sem fjarverandi væru og eigi vildu borga ársgjöld sín. Það var rætt lítilsháttar, en ekki ~~tekin~~ hægt að ganga frá því og skyldi það geymast til betri tíma. Síðan var ekki fleira fyrir fundinn lagt og fundi slitið.

Vilhjálmur Guðmundsson, fundarst.
Guðmundur Jóhannsson, fundarritari

F.T. Þ.T. Sauðárkróki 10/1 1942.

Heiðruðu ungmennafélagar!

Hér með leyfir stjórn S.U.F.S. sér að senda ykkur bréf þetta í tilefni af því að henni hefir borist lög og reglur Ungmennafélags Íslands með ósk um að héraðssambandið gengi, sem meðlimur inn í landssambandið nú á næstunni.

Eftir að stjórn S.U.F.S hafði athugað málið og tekið það til meðferðar, taldi hún rétt að hvert einstakt félag tæki málið til meðferðar heima fyrir og afgreiddi það með ákvæðum tillögum. Stjórninni var það ljóst að ýmsum ákvæðum myndi þurfa að breyta í lögum hinna ýmsu ungmennafélaga og lögum sambandsins til samræmis við



lög og reglur U.M.F.Í til að fá upptöku í landssambandið. Gjörir stjórn S.U.F.S ráð fyrir að mál þetta verði tekið til meðferðar og afgreiðslu á næsta aðfundi hér heima fyrir nú í vetur, sem haldinn verður í mars og á þeim fundi lægi það þá ljóst fyrir, hver afstaða hvers félags væri þá til þessa. Stjórn S.U.F.S álýtur það að mörgu leyti nauðsynlegt fyrir ungmennafélags-starf héraðsins, og íþróttamál þess, að sambandið gengi í U.M.F.Í. þó það yrði félögunum einhver aukin fjárhagsbyrði.

Sérstaklega vill stjórnin vekja athygli félaganna á þessum atriðum.

1. Bindindisákvæði áfengra drykkja, að þar mun þurfa að breyta sambandslögunum, og lögum einstakra félaga ef til vill.

2. Sambandsskatturinn kr 1.00 af félaga eldri en 16 ára greiði viðbótar útgjöld félaga, en fyrir þá upphæð fær hver einstakur félagi eintak af ársritinu "Skinfaxi" málgagni U.M.F.Í., sem kemur út árlega, og flytur fjölbreytt efni.

3. Þá vill stjórnin vekja athygli félaganna á því að einstök félög eða héraðasambönd geta ekki notið styrks úr íþróttasjóði ríkisins nema með því að vera sambandsfélagi í U.M.F.Í. eða í Í.S.Í. (Íþróttasambandi Íslands). Þá hefir stjórn S.U.F.S ákveðið að aðalfund sambandsins skuli haldinn síðari hluta marsmánaðar næstkomandi, og verður dagur og fundarstaður tilkynntur félögunum síðar. Vill stjórnin sérstaklega brýna fyrir félögunum að taka til athugunar framangreind atriði og senda fulltrúa á ~~(fundarstaðinn)~~ Aðalfundinn.

Með kærri kveðju
Sigurður Ólafsson. Halldór Benidiktsson.
Páll Sigurðsson.

## Sambandslög. U.M.F.Í.

1 Gr. Sambandið heitir Samband ungmennafélaga Íslands skammstafað U.M.F.Í.

2 Gr. Samband U.M.F.Í og deildir þess skulu hafa bindindi um nautn áfengra drykkja, og vinna samkvæmt eftirfarandi stefnuskrá.

1 Að vernda og efla stjórnarfarslegt menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga, og vekja virðingu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum og annara.

2. Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, með fræðslu og ~~sam~~ líkamsþjálfun og til að rökhugsa þjóðfélagsmál og vinna að framgangi þeirra.

3 Að vernda æskulýð landsins gegn neyslu áfengra drykkja og vinna að útrýmingu skaðlegra nautna úr landinu.

4 Að vinna að því, að nóg og lífvænleg atvinna bíði allra unglinga er vaxa upp í landinu, þegar þeir hafa náð starfsaldri og lokið námi.

5 Að beita sér fyrir heimilisiðnaði, verndun skógarleifa, og skógrækt og þjóðlegum skemmtunum

6 Að vinna að því í bú að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðsins í meðferð fjármuna sinna, verndun heilsunnar og fegrun og hreinsun móðurmálsins.

Kjörorð U.M.F.Í. er Ísland allt.

3 Gr. U.M.F.Í skiftist í héraðssambönd. Hvert U.M.F er sjálfrátt um hvorju héraðssambandi það fylgir. Eigi geta einstök félög verið í U.M.F.Í án milligöngu héraðssambands nema sérstakar ástæður séu til og sambandsstjórn leyfi. Lög héraðssambanda og einstakra félaga skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Inntökubeiðni héraðssambands eða félags í U.M.F.Í skal fylgja eintak af lögum



þess. Sambandsstjórn úrskurðar inntökuna. Hún hefur og rétt til að víkja félögum og héraðssamböndum úr U.M.F.Í. ef hún telur það nauðsynlegt.

4 Gr. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á samkomum ungmennafélaga, en enginn má vera reglulegur félagi nema í einu sambandsfélagi.
Allir ungmennafélagar skulu þúast.

5 Gr. Sambandsþing. U.M.F.Í skal háð í júnímánuði annað eða þriðja hvert ár í Þrastaskógi. Þó hefur sambandsstjórn vald til að velja annan þingstað, ef henni þykir ástæða til. Héraðssambönd kjósa fulltrúa til sambandsþings, einn fyrir hvert stórthundrað félagsmanna. Einstök félög, sem eru í U.M.F.Í án milligöngu héraðssambands kjósa fulltrúa eftir sömu reglu. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, nema um lagabreytingar eða lagasetningar sé að ræða, til þeirra þarf 2/3 greiddra atkvæða. Sambandsþing er lögmætt, ef mættur er fullur helmingur þeirra fulltrúa, sem réttur er til að kjósa. Sambandsþing úrskurðar reikninga sambandsins, og setur fjárlög. Það ræður og ályktar um framkvæmdamál og önnur viðfangsefni sambandsins og dæmir mál þau, sem skotið er til þess frá sambandsstjórn eða héraðssamböndum. Það kýs sambandsstjórn, varastjórn, og endurskoðendur.

6 Gr. Sambandsstjórn er skipuð þrem mönnum sambandsstjóra ritara og gjaldkera. Hún stýrir málefnum sambandsins milli þinga, eftir því sem lög og þingsamþykktir mæla fyrir. Hún úrskurðar ágreiningsmál þau, sem skotið er til álits hennar, en áfrýja má úrskurði hennar til sambandsþings. Hún heimtir inn tekjur sambandsins, varðveitir sjóð þess og ver honum í samræmi við fjárlög. Öll ber sambandsstjórn sameiginlega ábyrgð á sjóðnum, en skylt er gjaldkera að setja meðstjórnendum sínum tryggingu fyrir honum, ef þeir krefjast þess. Reikningar sambandsins

skulu gerðir vera um hver áramót, endurskoðaðir þegar og birtir í Skinfaxa. Sambandsstjórn skal og birta þar árlega skýrslu um gerðir hag og horfur sambandsins. Ef mál rísa á hendur sambandsstjórn skal þriggja manna nefnd dæma það. Sambandsþing kýs tvo þeirra, en sambandsstjórn nefnir einn.

7 Gr. Hvert félag innan U.M.F.Í. greiði skatt í sambandssjóð Kr 1,00 á ári af hverjum reglulegum félagsmanni fullra 14 ára og eldri. En reglulegir félagsmenn teljast þeir er heimilisfastir eiga á félagssvæðinu og aðrir er greiða félagi ársgjöld. Skattur þessi greiðist sambandsstjórn fyrir febrúarlok ár hvert. Skylt er hverju sambandsfélagi að senda skýrslu um störf sín og hag við hver áramót. Eintak af skýrslunni skal senda sambandsstjórn með skatti, en annað eintak sendist hlutaðeigandi héraðssambandi. Skylt er héraðssamböndum að senda skýrslur á sama hátt. U.M.F.Í. leggur til skýrslueyðublöð.

8 Gr. U.M.F.Í. gefur út tímarit, er Skinfaxi nefnist. Útgáfu þess er hagað eftir reglugerð, er sambandsþing setur. Hvert sambandsfélag á rétt á að fá ókeypis til útbýtingar meðal félagsmanna, jafnmörg eintök og það hefur skattskylda félagsmenn.

9 Gr. Í U.M.F.Í. má vera til deild fyrir aukafélaga og styrktarfélaga. Innkvæmt í deild þá eiga gamlir ungmennafélagar er halda tryggð við félagsskapinn, og þeir menn aðrir er áhuga hafa á málefnum sambandsins og vilja vera tengdir því, en ástæður banna að vera starfandi félagar einhverrar deildar þess. Aukafélagar þessir greiða kr 5,00 árlega í sambandssjóð, eða kr 50,00 í eitt skipti fyrir öll. Frjálst er mönnum að greiða hærra gjald og eru þá styrktarfélagar. Félagar samkvæmt grein þessari eru bundnir ákvæðum 2 greinar, og hafa réttindi og skyldur samkvæmt 4.



grein. Þeir fá Skinfaxa ókeypis. Rétt er þó að þeir vinni fyrir sambandið þau störf sín er þeir kjósa sjálfir. Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga U.M.F.Í. þá menn er unnið hafa ungmennafélagsskapnum óvenju mikið gagn, eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda U.M.F.Í. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga, en eru sjálfráðir um skyldur.

10 Gr. Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri sambandslög og þingsályktanir úr gildi numin.

## Aðalfundargerð.

Laugardaginn 2/3. 1942. hélt U.m.f. Vör í Stíflu aðalfund sinn að „Miðgarði". U.m.f. Holtshrepps var boðið á fundinn og einnig mörgu fólki innan Stíflunnar. Formaður félagsins setti fundinn eftir venju og stjórnaði honum. Bauð gestina velkomna og las dagskrá fundarins er var í 11 liðum og byrjaði þannig.

1 Lesin fundargerð síðasta fundar af Guðmundi Jóhannss. og samþykkt óbreytt.

2. Lesið blað félagsins „Máni" með fjölbreyttu og skemmtilegu efnisvali.

3 Lesnir reikningar félagsins af gjaldkera þess Steini Jónssyni. Einnig var lesin upp sú nýbreytni að byggja reikning yfir fasteignir félagsins.

4 Lesin nafnaskrá yfir meðlimi félagsins og teljast þeir [illegible] nú 33.

5 Störf félagsins á liðna árinu. Formaður félagsins Kristinn Jónasson hafði þar framsögu. Taldi upp það sem félagið hefði afkastað, svo heyskap og fleira. Líka gaf hann þá upplýsingar að utanfélagsmenn hefðu málfrelsi, en hvatti ekki hafa getið þess í byrjun vegna þess, hvað fáir hefðu verið

komnir af gestunum. Steinn Jónsson talaði næstur og aðallega um fjárhaginn félagsins á árinu, sem væru meiri en nokkru sinni áður. Kvað hann það stafa aðallega af því að félagið hefði haft samvinnu við U. m. f. Hollshrepps um vorskemmtun á Ketilási í vor. Jafnframt þakkaði hann U. m. f. Hollsh. fyrir þann mikla samvinnuhug, sem þar hefði komið fram, enda þótt það hefði dúrlega skert hagnað þess.
Formaður U. m. f. H. h. Steingrímur Þorsteinsson bað um orðið. Þakkaði boðið fyrir sig og félaga sína, og þau hlýju orð, sem fallið hefðu í garð félagsins.

6 Kosin stjórn félagsins til næsta árs.
Þessir hlutu kosningu.
Kristinn Jónasson endurkosinn formaður með 19 atkv.
Steinn Jónsson endurkosinn gjaldkeri með 16 atkv.
Guðm. Sigurðsson endurkosinn ritari með 13 atkvæðum.
Í varastjórn voru kosnir. Guðm. Jónasson formaður
Guðm. Antonsson gjaldkeri. og Valberg Hannesson ritari.

7 Kosnir endurskoðendur reikninga. Fékk formaður samþykki fundarins til að stinga upp á þeim Guðm. Jóhannessyni og Bjarna Péturssyni.

8. Kosið í skemmtinefnd. Þessir hlutu kosningu
Guðm. Jóhannsson með 13 atkv.
Valberg Hannesson með 13 atkv.
og Guðm. Antonsson með 10 atkv.
Til vara Fanney Steinsdóttir.

9 Framtíðarstarfsemi félagsins.
Formaður hreyfði málinu og talaði um ýms verkefni, sem félagið á við að búa og dálítið til úrbóta þeim. Steinn Jónsson talaði næstur og vék að þeim erviðleikum, sem félagið ætti við að stríða með allar framkvæmdir, sem væri afleiðing þess að flestir félagsmenn hefðu nóg annað að gera þegar von væri til þess að geta unnið að þeim.
Guðm. Antonsson bað um orðið hvatti hann til þess að blettur sem félagið á yrði gyrtur og sléttaður og sléginn eins og félagið hefði ætlað sér í byrjun. Jón G. Jónsson talaði af hálfu utanfélagsmanna. Ræddi um samvinnu á ýmsum grundvelli. Um hinn aflagða kirkjugarð í Stóra-Holti, sem hann lagði til að yrði girtur og sléttaður og gerður að skrúðgarði. Og þar gæti sveitarstjórn og ungmennafélögin haft samvinnu.
Einnig hvatti hann til þess að hin forna Gilslaug yrði endurbyggð svo sundkensla gæti hafist þar á ný. Guðm. Jóhannsson talaði um að félagið þyrfti að taka upp nú fyrir sjálft sig til að eiga þegar eldsneytis þyrfti við. Sagði hann að það væri leitt að þurfa að fara á beina til þess að fá kögla í þroka þó það hefði blessast hingað til.

10 Frjálsar umræður. Jón G. Jónsson hvaðst hafa verið beðinn fyrir kveðju til félagsins frá nokkrum bændum í Fljótum og einum utan Fljóta bónda fyrir þá miklu fórnarlund, sem félagið hefði sýnt með því að stofna til jólatrésskemmtana á hverjum vetri. Og þar hefði verið hitt á réttann streng, því þetta væri eina skemmtunin, sem börnin gætu helgað sér. Jafnframt afhenti hann formanni félagsins kr 130,00 sem þessir bændur hefðu skotið saman handa félaginu sem ofurlitlum þakklætisvott.
Þessir bændur höfðu gefið.
Jón G. Jónsson Tungu 23,00 kr
Hilmar Jónsson Tungu 10.00 – kr
Þorlákur Stefánsson Gautastöðum 10,00 – kr
Jóhannes Bogason sst. 7,00 – kr
Sigurbjörn Bogason Skeiði 10,00 – kr
Þorvaldur Guðmundss. Deplum 15,00 kr
María Guðmundsdóttir Lundi 10,00 kr
Hannes Hannesson Melbreið 10,00 kr

Jón Gunnlaugsson Háafelli 20.00 kr
Hallgrímur Bogason Kraunstöðum 00.00
Kristinn Jónasson formaður þakkaði gjöfina fyrir hönd fjelagsins, með nokkrum orðum.
Steinþór Guðsteinsson gat þess að Biskup landsins væri búinn að fá mælingu af Stórholts kirkjugarði hinum forna og gjörði honum vanvalaust sáðslafað úr þeirri átt. Bað hann nú U. m. f. H. h. að hrópa ferfalt húrra fyrir U. m. f. „Von“.
Á eftir var U. m. f. H. h. hyllt á sama hátt.
Alfreð Jónsson var mjög fylgjandi því að reynt yrði að gera við bílslóð svo allir gætu lært að synda, taldi hann þessa sveit langt á eftir á því sviði. Steinn Jónsson talaði lengi um þau störf, sem biðu nú úrlausnar og ýtti að framkvæmast það fyrsta, sem hægt væri sérstaklega um bílslóð, sem þyrfti að gera við strax í vor.
Fleira var ekki rætt. Sigurjón Steinsson Hring gekk í fjelagið og bauð formaður hann velkominn í fjelagsskapinn.
11 Skipað í nefndir Í verkaefnda nefnd.
Ingólfur Steinsson.
Guðmundur Jóhannsson og
Bogi Hallgrímsson. Í ritnefnd.
Guðmundur Antonsson
Fundarstjóri til næsta fundar. Bjarni Pétursson.
Þar næst sleit formaður fundinum og þakkaði góðar umræður. Á eftir var drukkið og dansað fram á bjartan dag.

Kristinn Jónasson fundarst.
Guðrún Sigurðar fundarrit.



Fundargerð

Fimmtudaginn 5. mars var fundur haldinn í U. m. f. „Von“
Í fjarveru Bjarna Péturssonar, sem kosinn hafði verið til fundarstjórnar, setti fundinn og stýrði honum formaður fjelagsins Kristinn Jónasson og tilnefndi skrifara Guðm. Jóhannsson 9. fjelagsmenn voru mættir ásamt einum utanfélagsmanni Skarph. Pétursyni
Síðasta fundargerð kom ekki til upplestrar sökum lasleika ritara..
Eftirfarandi atriði voru fyrir fundinn lögð
Húsmál. Framsögum. Kristinn Jónasson.
Skýrði hann frá sameiginlegum fundi hreppsnefndar og fulltrúa frá fjelaginu „Von“, sem haldinn var að Hvammi Sunnudaginn 1. mars. Lét hann þess getið að hreppurinn tæki stofuna ásamt sneið af salnum í sínar þarfir, en fjelagið fengi þar á móti háanarga upphæð 800. kr. Mynnlist hann þá á fyrirhugaða byggingu hjá fjelaginu og lýsti teikningu hennar í stórum dráttum eins og hann vildi hafa hana.
Steinn Jónsson lét óánægju sína í ljós hve fáir voru mættir bæði af fjelagsmönnum og einnig af bændum innan sveitarinnar, því þeim hefði verið gefinn kostur á að ráða væntanlega byggingu fjelagsins í samráði við það. Guðm. Jóhannsson var síðasta ræðumanni sammála með að sjálfsagt væri að ráðast í bygginguna væri þess nokkur kostur, því gæti fjelagið ekki fært út kvíarnar með húsplássi þá myndi fjelagsskapurinn og fjelagsstarfsemin kreppast að miklum mun frá því, sem nú væri. Hartmann Guðmundsson gaf heildaryfirlit yfir starf semi fjelagsins frá upphafi og hvernig húsið væri komið í hendur hreppsins. Skarphéðinn Pétursson talaði næstur og fór mörgum fögrum orðum um hina fyrirhuguðu byggingu fjelagsins, kvaðst hann ekki skyldu láta sinn hlut eftir liggja, að hjálpa til við hana. Málið var

alltmikið rætt fram og aftur, en sökum hve fáir voru mættir var ekki hægt að taka fasta ákvörðun í málinu og því frestað til næsta fundar.

Þeir sem tóku til máls voru þessir.
Kristinn Jónasson 4 sinnum. Guðm. Jóhannss 3 sin. Steinn Jónsson 2 sinnum Skarphéðinn Péturss 1 sinn. Hartmann Guðmundsson 1 sinni. Alls urðu 11 umræður

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Kristinn Jónasson (fundarstjóri)
Guðm. Jóhannsson (fundarritari)

## Fundargerð.

Sunnudaginn 29 mars 1942 var fundur haldinn í U.m.f. „V." Fundarstjóri var Bjarni Pétursson og nefndi hann til fundarritara Valberg Hannesson.

18 félagsmenn voru mættir. Blaðið kom ekki út. Þetta var gjört

I Lesin fundargerð frá aðalfundi af Guðm. Sigurðssyni og samþykkt með þeirri breytingu að varamann í skemmtinefnd yrði bætt inní.

II Lesin fundargerð frá aukafundi af Bjarna Péturssyni og samþykkt óbreytt.

III Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi af Guðm. Jóhannssyni og samþykkt óbreytt.

IV Húsmálið framsögum. Kristinn Jónasson. Sagði hann að nú yrðu fundarmenn að ákveða hvort ráðast ætti í byggingu á komandi vori eða ekki. Hans álit var það að félagið ætti að auka húsakynni sín, en ekki að leggja árar í bát. En þetta væri erfiðleikum bundið og allir yrðu að leggja það fram, ~~sem hann gæti~~ sem þeir gætu. Ef húsið yrði ekki stækkað myndi félagið að öllum líkindum hætta að starfa í framtíðinni því það ætti ekki starfandi framtíð fyrir höndum í þeim málum, sem kröfðust húsrúms.



Steinn talaði næstur og var því fylgjandi, sem Kristinn hafði sagt og ganga frá því öllu í einu, ef efni fengist því ef það ~~kæmist~~ yrði ekki gert, þá mætti búast við að það kæmist aldrei í framkvæmd. Margir töldu í málinu sem voru fylgjandi því að ráðist yrði í bygginguna og ennfremur hvort félagið ætti að snúa sér eingöngu að byggingunni en ekki eiga neitt við heyskap í sumar og voru flestir með því að leggja dagsverk sín í bygginguna en ekki heyskap. Þá kom fram fyrirspurn frá Vilhjálmi Guðmundssyni hvort nokkurt lán væri fengið, og hvort félagið sæi sér fært að byggja án þess að það fengið, hann vildi láta félagið safna fé áður en í þetta yrði ráðist, með sumarskemmtunum. Kristinn svaraði og upplýsti það að ekkert lán væri fengið, en á þessum tímum væri lán alltaf fáanlegt og studdi Steinn það, en með hvað skilyrðum, það væri óvíst og ekki þýddi að taka það öðruvísi en, til að endurgreiða það á mörgum árum. Málið var mikið rætt og frá mörgum hliðum og ennfremur hvöttu fundarmenn hvor aðra til að vera samtaka og leggja allt það fram, sem þeir gætu til að vinda byggingunni í framkvæmd.

Að lokum kom fram svohljóðandi tillaga frá Steini. Fundurinn ákveður að ráðast í að byggingu hér norðan við húsið á næsta vori. Og með þeim skilyrðum að hægt sé að fá lán og með þeim kjörum, að ekki sé félaginu um megn að standa skaum af því. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundurinn samþykkir að hver ungmfélagi gefi eitt dagsverk við fyrirhugaða byggingu í vor, en verði ekki hugsað fyrir heyskap á komandi sumri.

Tillagan var samþykkt.

V Skemmtanamál. Guðm. Jóhannsson lýsti því yfir fyrir hönd skemmtinefndar að skemmtun væri í

atriði og að hús væri fengið að Ketilási ef til leikfimissýningar kæmi, en mesta örðugleikar væru með veitingasölu. En ef ekki kæmi til leikfimissýningar, þá mætti alveg eins hafa skemmtunina hér á Miðgarði. Flestum þótti óviðeigandi að hafa engar veitingar, og var það upplýst að efni til þeirra væri hægt að fá. Menn tóku vel í það að sýna leikfimi ef hægt yrði. Málið tekið út af dagskrá.

VI Skipað í nefndir. Ritnefnd Kristinn Jónasson í stað Guðm. Antonssonar, sem er fjarverandi. Fundarstjóri til næsta fundar Valtýr Jónasson.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Bjarni Pétursson (fundarst.)
Valberg Hannesson (fundarr.)

Fundargerð.

Þann 12 apríl hélt U.m.f. „Von“ í Stíflu fund að húsi sínu Miðgarði. Valtýr Jónasson setti fundinn og skipaði fundarritara Vilhjálm Guðmundsson. 21 félagsmenn voru mættir. Aðalstörf fundarins voru, sem hér segir.

I Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykkt.

II Lesið blað félagsins „Máni“ af ~~Ste~~ Steini Jónssyni

III Formaður Kristinn Jónasson talaði um sameiginlega skemmtiferð með M.F. í Holtshreppi á komandi sumri kvaðst hann ekki taka neina ákveðna afstöðu, í, hvert fara skyldi eða hvernig. Kvaðst mynda fara beygja sig undir samþykki meirihluta. Margir tóku til máls er á leið umræðurnar og urðu margir fagrir staðir á takteinum, svo sem Vaglaskógur og Mývatn Mælifellshnjúkur. Tindastóll. Almenningar, Dalir Hágheiði. Svarfaðardalur. Ríða í fylkingum milli samkomuhúsanna og dansa dálitla stund á



hvorum stað. Svo langt kom að sumir vildu fara til Reykjavíkur eða til útlanda. Hvernig fara skyldi var líka í molum, helst var þetta á takteinum. Gangandi. Ríðandi, akandi í Bíl, jafnvel skríðandi vildu sumir fara. Meiri hlutinn vildi þó fara í Bíl og var nefnd þeirri, sem kosin var á sameiginlegum fundi félaganna á Ketilási falið málið á hendur.

Rætt var sameiginleg samkomutillaga og hafði Guðm. Jóhannsson ~~ortið~~ framsögu í því máli, var hann nýkominn neðan úr Fljótum ásamt Guðm. Antonssyni þar sem þeir höfðu rætt við skemmtinefndina neðra og komist að svofelldum samningum við hana. Við losnum við undirbúning skemmtunarinnar en á móti sýnum við leikfimi. Í öðru lagi þeir sjá um undirbúning veitinga, en við fengjum helmings ágóða og stæðumst helmings kostnaðar og leggjum til uppþvottunarstúlkur að hálfu. Í þriðja lagi að við leggjum til einn spilara en þeir hinn. Þetta var samþykkt breytingarlaust.

Skipað í nefndir. IV. ritnefnd Fanney Stein

Fundarstjóri til næsta fundar Viðar Þorláksson

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Dans að loknum fundi og svo fór hver heim til sín

Vilhjálmur Guðmundsson (fundarr.)
Valtýr Jónasson (fundarstj.)

Fundargerð.

Sunnudaginn 7 júní var fundur haldinn í félaginu „Von“ í Stíflu. Fundinn setti og stjórnaði Kristinn Jónasson. Tilnefndi hann fundarskrifara Guðm. Sigurðsson.

Gerðir fundarins voru þessar. I Lesið blaðið „Máni“ af Fanneyju Steinsdóttir. II Guðm. Jóhannsson skírði frá ferð þeirra fulltrúa á aðalfund. Sambandsins er haldinn var á Sauðárkróki 3 maí. Gat hann þess að allmikil deyfð hefði verið yfir sambandinu

að undanförnu, en hefði nú verið endurlífgað með nýrri
stjórn og hefði allmikið verið rætt um framkvæmdir
fyrir næsta ár. Meðal annars var samþykkt. Á al-
mennum fundi Sambandsins sem haldinn var á
Sauðárkróki 3 maí, var ~~sá~~ það samþykkt að Sambandið
beitti sér fyrir því að koma á námskeiði, til að æfa
menn að löggæslustörfum og skyldu hin einstöku
félög senda fulltrúa á það námskeið.
III Rætt var um héraðsmót, sem haldið verður á
Sauðárkróki 17 júní og leitað eftir þátttöku í íþróttum
þar af félagsins hálfu, en engin ákvörðun tekin.
Í málinu töluðu Guðm. Jóhannsson Pétur Jónsson
og Kristinn Jónasson. Svohljóðandi tillaga var
samþykkt. Fundur haldinn í U.m.f. Von. í Stíflu
7 júní ~~X~~ samþykkir að senda menn á löggæslu
námskeið næsta vetur ef haldið verður.–
IIII Formaður las bréf frá Íþróttanefnd ríkisins um
skiptingu landsins í íþróttasvæði og óskað eftir
samþykki félagsins í því máli. Málið rætt á víð
og dreif. Fleira ekki til umræðu fundi slitið
Fundarst. Kristinn Jónass. Fundarr. Guðm. Sigurðss

## Fundargerð.

Fundur var haldinn í U.M.F. „Von" 13/12 1942
Ellefu félagsmenn voru mættir á fundinum.
Vilhjálmur ~~Hjálmarsson~~ Pálmason setti fundinn og
nefndi til fundarskrifara Boga Hallgrímsson.
Gjörðir fundarins voru þessar: 1. Lesið upp blaðið
Máni af Guðm. Jóhannssyni.
2. Kristinn Jónasson bar það undir fundarmenn
hvort þeir væru því ekki fylgjandi að yrði haldið
jólatré eins og að undan-förnu, því sér
fyndist að félagið væri skuldbundið barnaeigend
um vegna gjafarinnar frá þeim í fyrra.
Næstur tók til máls Guðmundur Jóhannsson



Kvaðst hann vera því mjög fylgjandi að félagið
hefði jólatré eins og að undanförnu.
Næstur tók til máls Guðmundur Antonsson.
Kvaðst hann vera því fylgjandi að yrði jólatré, ef
félagið væri svo vel statt að það gæti tekið til
hússins gegn innigjaldi. Næstur tók til máls Bjarni Péturss
og var því fylgjandi að félagið breytti ekki út af
vananum með það að halda jólatrésskemmtun.
því sá útgjaldaliður myndi aldrei setja félagið
á höfuðið. Var svo málið tekið út af dagskrá.
og stjórninni falin framkvæmd í málinu
3. Formaður Kristinn Jónasson bar það undir
fundarmenn. hvort þeim fyndist ekki sjálfsagt
að félagið héldi jólaskemmtun eins og að
undan förnu. Guðm. Antonsson sagði að nú
væri farið að lifna yfir þeim sem hefðu verið
á síðastliðna vetri skemmtuninni síðast liðna
vetur. og sagði hann að sér fyndist ekki þurfa
að ræða þetta mál, því allir félagsmenn væru
því fylgjandi að skemmtunin yrði haldin.
4. Kristinn Jónasson tók til máls og bar það
undir fundarmenn hvort þeim fyndist ekki
rétt að ársgjald félagsmanna yrði hækkað
úr 1. kr. uppí 5. kr. vegna þess að félagsmenn
hefðu gjört svo lítið fyrir félagið síðastliðið ár.
Guðm. Antonsson tók næstur til máls, og
sagði að hann væri ekkert á móti því
að ársgjaldið hækkaði eitthvað. en sér fyndist
þetta nokkuð mikil hækkun, og taldi hann
sanngjarnt að hækka það upp í 2-3 kr.
Næstur talaði Guðm. Jóhannsson og fannst
honum hækkunin sem frammælandi fór
fram á vera of há, en sér fyndist 3 kr. sanngjarnt
Honum fannst það ekki rétt hjá Kristni í Tungu
að ekkert hefði verið gjört fyrir félagið, það hefði

því verið ekið mál fyrir það hvort sem það kæmi að notum eða ekki.
Bjarna Pálssyni fannst sanngjarnt að ársgjaldið yrði hækkað uppí 3. kr.
Var svo skrifuð svohljóðandi tillaga:
þeir sem eru með því að ársgjald félagsmanna hækki upp í 3. kr. gjöri svo vel og gefi merki.
Tillagan var samþykkt með 10. gegn 1. og var málið svo tekið útaf dagskrá.
5 Kosið í skemmtinefnd. þessir hlutu kosningu Guðmundur Jónasson Sigurvaldi Guðmundss. Bogi Hallgrímsson. Kosinn var í ritnefnd Guðmundur Antonsson í stað Guðm. Jóhannss.
Fundarstjóri til næsta fundar var skipaður Sigurjón Steinsson. Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Fundarst. Vilhjálmur Pálmason. Fundarr.
Bogi Hallgrímsson

Fundargerð.

Sunnudaginn 10 janúar, ~~[illegible]~~ 1943. hélt U.M.F. „Von" fund með sér að heimili sínu „Miðgarði". Fundinum stjórnaði Sigurjón Steinsson og tilnefndi fundarritara Guðm. Jóhannsson. Fundarefni var, sem hér tilgreinir:
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi af Boga Hallgrímssyni, sem var samþykkt án breytingar. 2. Steinn Jónsson kvaðst ekki hafa þolinmæði til að bíða til aðalfundar með að lofa félagsmönnum að vita um útkomu á reikningi félagsins, sem var óvenju mikill tekjuhalli vegna þess byggingarefnis sem félagið hafði keypt til hinnar fyrirhuguðu byggingar sinnar.
3. Sundurlaus félagsmál. Framsögumaður Guðm. Jónasson (A liður) Málshefjandi fór



lítillega um liðin störf félagsins s.s. samning milli hreppsins og félagsins. og gerði fyrirspurn til stjórnarinnar hvort hann hefði verið lesinn upp á fundi hjá félaginu svo mönnum væri hann kunnugur? Steinn Jónsson tók næstur til máls og kvaðst hann ekki vita til þess að afrit hefði verið tekið af samningnum úr gjörðabók hreppsins, en taldi rétt að gera það til að sýna félagsmönnum ef þeir vildu.
Kristinn Jónasson var sammála Steini og gaf þeim félagsmönnum sem eigi voru samningnum kunnir grein fyrir uppruna hans og efni. (B. liður) Frummælandi mæltist til að lög félagsins yrðu tekin til meðferðar, eða yfirfærstu og þeim breitt í það horf, svo hægt yrði að fylgja þeim til hlýtar.
Málið var rætt allmikið og síðan borin upp svohljóðandi tillaga frá Guðm. Jónassyni: „Fundur haldinn í U. M. F. „Von" 10-1 1943. samþykkir að kjósa 3ja manna nefnd til að yfirfara lög sín og leggja fyrir fund síðar í vetur." Tillagan var samþykkt án breytingar. og hlutu kosningu eftirtaldir menn Steinn Jónsson með 7 atk. Guðm. Jóhannsson með 7 atk. og Bjarni Pétursson með 6. atk.
(C liður) frá gerði framsögumaður fyrirspurn til fundarmanna. hvernig þeim hækkun væri háttað sem gerð hefði verið á ársgjöldum á síðasta fundi. hvort hún hefði verið aðeins fundarsamþykkt eða lagabreyting? Og var það einróma svar félagsmanna að það hefði verið aðeins fundarsamþykkt.
Síðar voru hin framantöldu atriði ekki meira rædd, og þau tekin útaf dagskrá.
þessir tóku til máls: Guðm. Jónasson 3 sinnum

Steinn Jónsson 2. sinnum Kristinn Jónasson, 2. sinnum Guðm. Jóhannsson 1. sinni. alls urðu 8 umræður í málinu.
4. Á að hafa aðalfundinn í svipuðu horfi eins og verið hefir? Framsögumaður Steinn Jónsson. Kvaðst hann fyrir sitt leiti óska eftir því að útaf breitni yrði á aðalfundi frá hinum venjulega fundinum.
Kristinn Jónasson mælti svo að einn agnúi væri á því að halda aðalfundinn í svipuðu horfi eins og verið hefði, en það væri að fá stúlkur til að standa fyrir veitingum, því það væri ekki nema eðlilegt að þær vildu vera á dansinum og skemmta sér.
Eins gat hann þess að menn mættu gera sér það fullkomnlega ljóst að kosnaður af veitingum kæmi á félagsmenn.
Málið var rætt fram og til baka um gétu til starfs á undirbúningi aðalfundar.
Þá var borin upp svohljóðandi tillaga af Sigurjóni Steinssyni. „Þeir sem eru því fylgjandi að aðalfundurinn verði í svipuðu horfi eins og verðið hefir, gjöri svo vel og gefi merki." Tillagan var samþykkt með 15 atk. gegn engu. Síðan var kosin skemmtinefnd til undirbúnings aðalfundar og hlutu þessir kosningu: Ingólfur Steinsson með 11. atk. Sigríður Antonsdóttir með 9. atk. og Viðar Þorlaksson með 7. atk. Síðan var ákveðið að hann skyldi haldinn verða eftir hálfan mánuð.
Þeir sem til máls tóku voru þessir. Steinn Jónsson 2. sinnum Kristinn Jónasson 2. sinnum Guðm. Jónasson 2. sinnum Sigríður Antonsdóttir 1. sinni og Guðm. Jóhannsson 1. sinni. alls urðu 8. umræður
Sigurður Sigurðsson var kosin í ritnefnd.



Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.
Fundarstjóri Sigurjón Steinsson.
Fundarritari Guðmundur Jóhannsson

Fundargerð

Laugardaginn 23/1 1943 var aðalfundur U.m.f. „Von" haldinn að Miðgarði. Ungmennafélögum Holtshrepps var boðið að sitja fundinn og einnig utanfélagsmönnum innan Sléttunnar. Formaður félagsins Kristinn Jónasson setti fundinn, bauð gestina velkomna, las upp dagskrá fundarins og gat þess að gestirnir hefðu málfrelsi.
Dagskráin var á þessa leið:
1. Fundur settur.
2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar af Guðmundi Jóhannssyni og samþykkt óbreytt.
3. Lesið upp blað félagsins „Máni" af ritara félagsins.
4. Lesnir upp reikningar félagsins af féhirði þess ásamt nafnaskrá þess og teljast félagar nú 32
5. Skírð störf félagsins á liðna árinu.

Formaður gat þess að lítið hefði verið unnið á árinu er til framfara væri.
Félagið hefði haft nokkrar skemmtanir og tekjur hefðu verið óvenju miklar af þeim, sem þó stafaði mest af hinni miklu verðbólgu sem nú væri í landinu.
Einnig þakkaði U.m.f. Holtshrepps fyrir samvinnuna á síðasta ári. Steingrímur Þorsteinsson formaður U.m.f. Holtshrepp kvaddi sér hljóðs. Þakkaði boðið fyrir félag sitt og einnig þau hlýju orð sem fallið hefðu til þess

frá formanni. Sagðist vona að félögin gætu unnið saman í framtíðinni og ættu langt líf fyrir höndum til blessunar landi og lýð.
Steinn sagði að það sýndi sig að U.m.f. hefðu gert mikið gagn í sveitinni bæði með byggingum sínum og skemmtanalífi, sem þau hefðu haldið uppi í sveitinni. Tók það líka fram að sér fyndist fátt af utan félagsfólki vera hér í kvöld, það liti helst út fyrir að það bæri óvild til félagsins.
Hannes talaði alllengi þakkaði boðið, sagðist alltaf hafa gaman af að sitja fund með ungu fólki og hlusta á hvað það hefði að segja. Hann talaði mikið um félagsmál innan sveitarinnar og komst að þeirri niðurstöðu að mesta tómlæti ríkti um þau mál hér. meðal annars hefðu hreppaskil ekki verið haldin síðastliðin 5. ár.
6. Kosin stjórn félagsins: Kosið var tvisvar þar sem kom í ljós að í fyrri kosningunni að sami maður Guðm. Jóhannsson fékk jafn mörg atkvæði sem ritari og gjaldkeri og Guðm. Jónasson og Bjarni Pétursson jafn mörg atkvæði sem formenn, en þeir neituðu að taka sæti í stjórninni. svo kosið var aftur og menn áminntir að kjósa rétt þess skal getið að gamla stjórnin vildi helst losna við endurkosningu.
Síðari villan var litið betri en sú fyrri. Guðm. Jóhannsson hlaut nú bæði form.st. og ritarastöðuna. En með samkomulagi fell kosningin þannig: Guðm. Jóhannsson kosinn



formaður með 5 atkvæðum, Guðm. Antonsson kosinn gjaldkeri með 11. atkvæðum og Sigurður Sigurðsson kosinn ritari með 3. atkvæðum.
Í varastjórn eru Kristinn Jónasson formaður Steinn Jónsson gjaldkeri og Bjarni Pétursson ritari.
7. Kosnir endurskoðendur reikninga. Voru þeir kosnir með nafnakalli Steinn Jónsson og Guðm. Sigurðsson.
8. Framtíðarstörf félagsins. Ekkert rætt en falið stjórninni til umræðu síðar.
9. Kosin skemmtinefnd. Voru þessir kosnir með nafnakalli. Kristinn Jónasson Bjarni Pétursson og Vilhjálmur Pálmason
10. Lesin úrsögn frá Valtýr Jónassyni; og telst hann ekki lengur í félaginu.
11. Önnur mál sem fram kunna að koma á fundinum. Ekkert mál kom fram sem heyrði undir þennan lið.
12. Skipað í nefndir. Steinn Jónsson í ritnefnd. Í málefnanefnd Kristinn Jónasson Viðar Þorláksson Bogi Hallgrímsson. Fundarstjóri á næsta fundi Sigurvaldi Guðmundsson.
13. Fundi slitið. Fundarst. Kristinn Jónasson
Fundarritari: Guðmundur Sigurðsson

# Fundargerð!

Sunnud. 7/2 '43. hélt U.m.f. "Von" fund með sér að fundarhúsi sínu, [illegible].
Sigurvaldi Guðmds. setti fundinn og tilnefndi fundarritara Bjarna Pétursson. [illegible] fundarins var:
1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, (sem var frá aðalf.) af Guðm. Sigurðssyni og samþykkt án breytingar.
2. Form. Guðm Jóhannsson las upp bréf frá stjórn S.U.Þ.S. Efni bréfsins hljóðaði upp á það, hvort við vildum ganga í U.M.F.Í. og einnig hvort við vildum taka þátt í lögreglu-námskeiði, sem sambandið hugsaði sér að hafa ef nóg þátttaka fengist. Ennfremur óskuðu þeir eftir að fara að fá sambandsskattinn greiddann, ásamt félagatölu og skýrslum, sem lögin ákveða.
Formaður talaði svo nokkur orð um efni bréfsins og bað félagsmenn að láta til sín taka með þessi mál, því þau væru þess verð að þau væru rædd. Bjóst hann við að flestir félagsm. væru því fylgjandi, að ganga í sambandið. En á því væri einn agnúi, sem mörgum mundi verða um megn að standast og það væru bindindisákvæði sambandslaganna.
Næstur tók til máls Kristinn Jónasson. Kvaðst hann hafa greitt þessu samb. máli mót atkvæði á fundi í fyrra og hann mundi gera það enn vegna þess að hann treysti sér ekki til að standast þau bindindisákvæði, sem sambandslögin ákveða. Annars fannst honum rétt að félagið gengi í U.M.F.Í vegna yngri kynslóðarinnar og kvaðst hann verða í félaginu fyrir það þar til að hann yrði því rekinn fyrir lagabrot.
Næstur talaði Guðm. Sigurðsson. Kvaðst hann vera því fast fylgjandi að fél. gengi í U.M.F.Í. því hann væri mikill íþróttavinur og teldi hann íþróttunum vel borgið með því að við gerðumst meðlimir í



U.M.F.Í. Bjóst hann við að þessi bindindislög væru nú ekki eins ströng eins og stæði á pappírnum og þyrftum við því ekki að óttast þau eins mikið eins og við gerðum.
Næstur talaði Guðm Jónsson. Ræddi hann málið á við og dreif. Í lok máls síns gat hann þess, að sér fyndist þetta mál svo mikilsvarðandi, að hann gæti varla sagt um það hvernig hann greiddi því atkvæði, þegar það að kæmi.
Málið var enn mikið rætt, en vegna þess hvað fáir félagsmenn voru mættir á fundinum, töldu fundarmenn ekki rétt að bera það undir atkvæði og var það svo tekið út dagskrá. Þessir töluðu í málinu Guðm. Jóh 2. sinnum Guðm Jónsson 1 sinni Kristinn Jónasson 2 sinnum Bjarni Pétursson 1 sinni Sigurvaldi Guðmd. einu sinni Guðm Sigurðsson 1 sinni alls voru átta umræður um málið.
Lögreglumálið var lítið rætt en öllum félögum kom saman um það að félagið hefði ekki efni á að taka þátt í lögreglunámskeiði á þessu ári. Fundurinn ákvað ennfremur að svara ekki þessu sambandsmáli fyrr en á aðalfundi þess, en fól ritara félagsins að senda sambandsskattinn ásamt nafnaskrá félagsins til gjaldkera samb. ([illegible]) Sigurðar Karlssonar Hólum.
Að endingu las formaður upp sambandslögin svo að öllum félm. væru þau vel kunn. Voru þau ekkert rædd og síðan tekin út af dagskrá.
Engin mál frá verkefnanefnd voru tekin fyrir bæði vegna þess að fáir félagsm. voru mættir, og einnig fyrir það hvað kalt var í fundarsalnum.
Fundarstjóri til næsta fundar var skipaður Guðm Sigurðsson.
Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið

Fundarst. Sigurvaldi Guðmundsson
Fundarr. Bjarni Pétursson

---

Sigurður Sigurðsson ritari.

# Fundargerð.

Sunnudaginn 28/2 var fundur haldinn í félaginu „Von“ að heimili þess. Fundi stýrði Guðm. Sigurðsson og nefndi til ritara Kristinn Jónasson. Níu félm. voru mættir.

Dagskrá fundarins var:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar af Birni Péturssyni og samþykkt.
2. Lesið upp blaðið „Máni“ af Steini Jónssyni. Flutti það góðar greinar, ennfremur stökur og spurningar.
3. Kosið í nefnd til að stuðla að samvinnu á milli félaganna. En í sambandi við það komu fram tvær spurningar önnur frá Guðm. Jónassyni, svohljóðandi: Á hvaða grundvelli á sú nefnd að starfa? Og Kristinn Jónasson spurði hvort að mætti kjósa stjórnina. Var þetta mikið rætt aftur og fram og einnig sumarferð í sambandi við það og sameiginleg vorskemmtun. En endirinn var sá, að ákveðið var að fela stjórninni val í nefndina. En þessir voru kosnir. Guðm. Jónasson með 5 atkv., Guðm. Sigurðsson með 5 atkv. og Bogi Hallgrímsson með fjórum atkv. — — til vara voru kosnir Kristinn Jónasson með 4. — — og Ingólfur Steinsson með 4 atkv. Var málið svo ekki meira rætt og það tekið út af dagskrá. Þessir töluðu í málinu: Steinn Jónsson 2. Björn Pétursson 1. Guðm. Jóhannesson 2. Kristinn Jónasson 1. Guðm. Jónasson 2. Alls voru átta umræður um málið.
4. Nefnd sú, sem kosin var í vetur til að yfirfara lögin hafði nú lokið störfum sínum og voru þau til umræðu einnig með þeim breytingum, sem þeir höfðu gert á þeim. Fyrsta og önnur grein samþykktar án breytingar. Þriðja grein samþykkt með þeirri breytingu að helmingur að helmingur félagsmanna þyrfti að vera mættur til



að fundarhæft yrði í stað 1/3 áður sem lögum mælti fyrir. Fjórða greinin var allmikið rædd, var hún þess efnis, að kjósa form. fyrst, til að fyrirbyggja að hann fengi ekki stjórnarsæti í hinum stöðunum. Aðrir vildu láta kjósa hann [illegible] og skyldi sá, sem flest atkvæði fengi, vera sjálfkjörinn formaður. Var hún að endingu samþykkt eins og hún kom fram í fyrstu. Fimmta grein samþykkt með svolítilli orðabreytingu. Sjötta, sjöunda, áttunda, níunda, tíunda og ellefta grein samþykktar án breytinga. Tólfta greinin var ný og fjallaði um bindindi, var hún rædd ofurlítið, en svo samþykkt með 5 atkv. gegn 2. Þrettánda, fjórtánda og fimmtánda grein voru samþykktar án breytingar. Síðan voru öll lögin borin upp í heild og þau samþykkt í einu hljóði.

5. Hver er hinn rétti andi íþróttamannsins? Framsögumaður Kristinn Jónasson. [illegible] frummælandi. Þar [illegible] að hann ætlaði ekki að láta sitt álit í ljósi að svo stöddu. Næstur talaði Guðm. Jóhannesson. Sagði hann að reglusemi væri aðal skilyrðið fyrir íþróttamenn. Guðm. Jónasson tók næstur til máls, og rakti hann á við og dreif málið. Björn Pétursson talaði um, að sér fyndist ekki viðeigandi að frummælandi léti ekki sína skoðun í ljósi á málinu því léttara væri fyrir hina að taka til máls á eftir. Frummælandi tók aftur til máls og sagði frá meðal annars að hann teldi það stórt skilyrði að íþróttamaðurinn væri prúður í framkomu og kynni að meta leikinn sem leik. Björn Pétursson sagði ennfremur að maður öðlaðist ekki alla íþróttafimi með því að vera nógu mikill bindindismaður á tóbak og vín og nefndi máli sínu til sönnunar Sigurð Sigurðsson sem átti landsmet í bæði langst., hást. og þrístökki og væri þó óreglumaður. Var þessu mótmælt af sumum fundarmönnum, en síðan tekið út af dagskrá. Þessir tóku til máls Guðm. Jóhannesson 2. Guðm. Jónasson 2. Björn Pétursson 2 Guðm. Sigurðsson 1. Bogi Hallgrímsson 1. Steinn Jónsson 3. Kristinn Jónasson. 2. Alls 13 umræður.
6. Skipað í nefndir. Veitinganefnd. Vilhjálmur Pálmason

í stað Kristins Jónassonar. Í ritnefnd Bjarni Pétursson í stað Boga Hallgrímssonar. Fundarstjóri til næsta fundar (var kosinn) Guðm. Jónasson. Fleira var ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Fundarstjóri Guðm. Sigurðsson.
Fundarritari Kristinn Jónasson.

---

Fundargerð Aðalfundar (árið 1940.)

Laugardaginn 27/1 '40 var unaðslega vetrarblítt veður, frostlaust með öllu og blakti ekki hár á höfði. Þennan dag valdi U. M. F. „Vor." sér fyrir aðalfundardag, sem líklegum var utanlega löngu áður og því helgaður forsjá framtíðarinnar. Búið var að ræða um það á næstu fundum, áður undan að hafa kaffikvöld á þessum Aðalfundi, og var ákveðið að boðið skyldi flestu eða öllu fullorðnu fólki hér innan Stíflunnar. Af því að veður var hið ákjósanlegasta þá komu flestir boðsgestirnir og sátu með okkur fundinn og skemmtu sér með okkur, eins og síðar verður drepið á.
Fundurinn byrjaði kl. 7. og var settur af formanni fél. Guðm. Jónassyni. Byrjaði hann á að bjóða alla gestina velkomna fyrir hönd félagsins og gat þess að boðsgestir hefðu málfrelsi jafnt og félagsmenn, en ekki atkvæðisrétt.
Gerðir fundarins voru:
1. Lesnar upp fundargerðir frá tveimur síðustu fundum af Steini Jónssyni og Guðm. Sigurðssyni og þær samþykktar
2. Lesið upp blaðið „Máni," af Steini Jónssyni
3. Lesnir upp reikningar fél. af Kristni Jónassyni
4. Lesin upp nafnaskrá fél. af sama manni.



5. Starf félagsins á liðna árinu. Form. gat þess að venja væri á Aðalfundi að ræða um aðal áhugamál félagsins framtíðarstörf og fleira. Einnig gat hann þess að lítið hefði verið gert af verklegum framkvæmdum þetta ár, en mörg mál verið rædd, viðvíkjandi viðreisn og velgengni félagsins. Sagði skemmtanir fáar og tekjur litlar, og vegna fjárskorts yrði það að berjast við örðugleika í hverju framfaraspori sem það hugsaði sér að stíga.
6. Kosið í stjórn félagsins. Kosningar fóru þannig. Guðm. Jónasson form. með 11. atkvæði Steinn Jónsson gjaldk. með 9. atkvæðum og Sigurður Sigurðsson ritari með 10 atkv. Að loknum kosningum tilnefndi stjórnin sér varamenn sem næstir voru henni með atkvæðatölu og voru það þeir: Kristinn Jónasson varaf. Guðm. Antonsson varagjaldk. og Vilhjálmur Guðmundsson vara ritari.
Steinn Jónsson var óánægður með sitt hlutskifti að lenda í gjaldkerastöðunni, kvaðst hann ekkert skilja í félagsm. að fara svo ranglega í sakirnar, að kjósa sig í slíkt embætti. Kvaðst hann ekki með nokkru móti geta sint því starfi margra ástæða vegna. Fyrst og fremst af því, að hann væri orðinn svo gamall. bráðum kominn á fallandi fót og væri meir í félaginu af vana. Og annað hitt að hér í félagssvæðinu væri hann ekki staddur nema hálft árið, og gæti sér þar af leiðandi ekki farið svo ábyrgðarmikið mikið starf vel úr hendi. Sagðist hann því ekki annað sjá en að hann væri tilneyddur til að segja sig úr félaginu. Viðvíkjandi þessu töluðu einnig, þeir Kristinn Jónasson og Guðm. Jónasson. kannast þeim ekki líta glæsilega út að hafa andann í hinum nýkosna gjaldkera, en vonuðust eftir að hann reyndi að sætta við starfið og sitja framvegis í félagsbekk meðal okkar. Talaði þá Steinn Jónsson aftur og sagði að enginn skyldi álíta að hann tæki orð sín aftur því starfið væri sér frágangssök að inna af hendi sökum fyrr greindra ástæða. Sagði þá Kristinn Jónasson að starfinu mætti vísa til sín og skyldi hann annast starfið í eitt ár um, endaþótt hann væri kominn að sitja

í 4 ár í stjórn, og því ekki fjarri sanngirni, þó hann
færi fram á að fá sig lausan úr stjórn. Var þetta ekki
frekar rætt og annað mál látið fyrir.
7. Form. stakk upp á tveimur mönnum til að yfir fara
reikningana fyrir næsta Aðalfund: Þeim Hafst. Guðmunds.
og Kristni Jónassyni.
8. Kosið í skemmtinefnd. Hlutu þeir kosningu Ingólfur Stein.
Guðm. Antonsson og Guðm. Sigurðsson.
9. Kosnir fulltrúar á sambandsfund Skagfirðing. Og
hlutu kosningu þeir: Guðm. Jóhannsson með 9. at. og
Bjarni Pétursson með 5 at.
10. Rædd framtíðarstörf félagsins. Form. gat þess
að eins og sakir stæðu, þá liti ekki út fyrir að félagið
gæti hreyft mörgu á framfarabrautinni, þó mörg verkefni
væru fyrir hendi, þá yrði ekkert af á formum, þegar féið
vantaði, því það væri til þrándur í götu fyrir öllum
framkvæmdum. Einnig gat hann þess að allir yrðu að vera
samtaka með að afla félaginu tekna, ef auðið væri, og
láta ekkert tækifæri ónotað til þeirra hluta. t. d. að reyna
að hafa ágóða skemmtanir á komandi sumri og haust. o. fl.
Í þessu máli töluðu einnig gamlir og góðir fél., sem voru
boðsgestir, svo sem Jón G. Jónsson og Hannes Hannesson.
Töluðu þeir hlýlega í (garð) til félagsins og sýndu það
í orði að þeir væru sannir hollvættir í þess garð.
11. Kosnir í veitinganefnd þeir: Guðm. Sigurðsson og Ingólfur
Steinsson og fundarstjóri til næsta fundar Vilhjálmur Hjálmars.
12. Frjálsar umræður. Enginn gaumur var þeim gefinn
enda fundar ordinn langur og boðsgestir farnir að
hálfa í hljóði yfir að sitja á beinhörðum bekkjunum.
Nokkrir nýir bættust inn í félagið og bauð form. þá
velkomna það voru þau: Bogi Hallgrímsson, Aðalheiður
Hannesdóttir, Guðný Hallgrímsd., Sæunn Steinsd., Sigríður
Antonsdóttir og Halldóra Þorláksdóttir. Þar með var
[illegible] tæmd og þakkað form. góðar umræður.
Var síðan farið að dansa eftir harmoniku músikk



og var allavega snúist eins og gengur eftir hrynjandi
tónum hljóðfærisins. Þeir, sem ekki dönsuðu spiluðu á spil
svo allir nutu einhverrar skemmtunar.
Eftir kl. 2. sýndu 6 strákar leikfimi undir stjórn Steinars á Hrauni
þótti það góð skemmtun og mikið hlegið, einkum ef
einhverjum mistókst, eins og átti sér stað.
Eftir það var setzt að borðum. En borðhaldið var dálítið
frábrugðið því, sem menn höfðu að venjast, því brauð
allt var borið fram í þvottabölum, sykur í kruklum og
könnum og rjómi í flöskum
Lausir diskar voru engir hafðir og útbúnaður allur heldur
hrossakaupslegur. Þrátt fyrir það þótti þetta nýstárlegt fyrirkomu-
lag og verður sennilega notað í framtíðinni við svipuð
tækifæri. Yfir drykkjunni tókinni talaði Jón G. Jónsson. Þakkaði
hann fyrir sig og gat þess að félagið hefði of mikið
fyrir þessu haft og einnig til þess kostað, því að þessi
dýrtíð, sem nú færi í hönd ætti að kenna mönnum að fara
sparlega með sín efni. Síðan var farið að dansa og hann stiginn
fram undir morgun. Enginn var undir áhrifum víns, en samt
allir kátir og vafalaust hefir enginn iðrast eftir því að vera
í Miðgarði þessa nótt eftir að heim var komið og fallið þar
með fögrum minningum í faðm svefnsins

Fundarst. Guðm. Jónasson.
— — Sigurður Sigurðsson.

(Ritari hafði af vangá ekki fært inn fundargjörðir

Lög fyrir Ungmennafélagið „Von“, í Stíflu Skammstafað, U. M. F. „Von“

1. gr.

Félagið heitir „Von“. Starfssvið þess er innan Stíflunnar og heimili þess Brúðgarður. (2 gr. innskot)
Tilgangur félagsins er:

a. Að vekja og glæða, að vekja löngun hjá æskulýðnum til þess að vinna að hverskonar framförum og almennri heill.
b. Að meðlimir þess æfist í að koma hugsunum sínum skýrt fram í ræðu og riti.
c. Að reyna af fremsta megni að styðja, vernda og efla allt sem þjóðlegt er og horfir íslenzku þjóðerni til gagns og sóma. Sérstaklega skal leggja rækt við íþróttir, hreinsa og fegra móðurmálið.

(3. gr. innskot)

Tilgangi sínum vill félagið ná þannig:

a. Að halda fundi þriðja hvern sunnudag frá veturnóttum til sumarmála. Löglegir eru fundir ef að 1/3 hluti félagsm. innan félagssvæðisins eru mættir. Og löglega samþykkt mál af meiri hluta fundarmanna, en þó því aðeins að formaður hafi látið ganga skriflegt fundarboð, með minnst þriggja daga fyrirvara ef fram koma mál sem krefjast þess til laga eða kveða af félagsmönnum.
Hvern fund setur tilskipaður fundarstjóri og stjórnar honum eftir almennum reglum.
Hann velur fundarritara, fundarstjóra til næsta fundar, ritnefnd og dagskrárnefnd.
b. Að gefa út blað, sem kemur út á hverjum fundi og skulu annast útgáfu þess 3. menn í

hvert skifti. Einn maður skal ganga úr ritnefndinni í hvert skifti sem blaðið kemur út og annar nýr koma í hans stað.

(Fjórða gr. viðbót)

a. Í stjórn félagsins skulu sitja 3 menn. Form., féhirðir og ritari, sem kosnir eru til eins árs í senn. Enginn félagsm. getur neitað kosningu í 3 ár samfleytt. En krefjist getur hver og einn þess að vera laus frá stjórnarstörfum í önnur þrjú ár.
b. Kjósa skal stjórnina þannig:
